

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu (SFCR)

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



Efnisyfirlit

Samantekt	2
A Rekstur og afkoma	5
A.1 Rekstur	5
A.2 Árangur í váttryggingastarfsemi	7
A.3 Árangur af fjárfestingum	13
A.4 Árangur af annarri starfsemi	16
A.5 Aðrar upplýsingar	16
B Stjórnkerfi	19
B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi	19
B.2 Kröfur um hæfi og hæfni	26
B.3 Áhættustýring og eigið áhættu- og gjaldþolsmat	27
B.4 Innra eftirlit hjá Sjóvá og regluvarsla	29
B.5 Starfssvið innri endurskoðanda	31
B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings	32
B.7 Útvistun	32
B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi	33
C Áhættusnið	34
C.1 Samantekt áhættusniðs	34
C.2 Váttryggingaáhætta	34
C.3 Markaðsáhætta	38
C.4 Kröfuáhætta	40
C.5 Lausafjárahætta	43
C.6 Rekstraráhætta	44
C.7 Önnur veigamikil áhætta	46
C.8 Aðrar upplýsingar um áhættusnið	48
D Mat á gjaldþolsstöðu	49
D.1 Eignir	49
D.2 Váttryggingaskuld	51
D.3 Aðrar skuldir	54
D.4 Aðrar matsaðferðir	54
D.5 Aðrar upplýsingar	55
E Eiginfjárstýring	56
E.1 Gjaldþol	56
E.2 Gjaldþolskrafa og lágmarksfjármagn eigin fjár	59
E.3 Notkun á „duration-based equity risk sub-model“	61
E.4 Mismunur á niðurstöðum staðalreglu og eigin líkans	61
E.5 Krafa um lágmarksfjármagn ekki uppfyllt	61
E.6 Aðrar upplýsingar	61

Samantekt

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) var stofnað 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Félögin starfa m.a. samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Í skýrslu þessari er fjallað um samstæðuna í heild nema annað sé tekið fram.

Rekstur og afkoma

Hagnaður samstæðunnar 2025 var 2.066 m.kr. (2024: 4.241 m.kr.). Rekstrarniðurstaða ársins 2025 endurspeglar afar sterkan grunnrekstur félagsins í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði. Tekjuvöxtur er ekki jafn mikill og síðustu ár sem skýrist bæði af aukinni samkeppni á váttryggingamarkaði og minni aukningu í umsvifum viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði á milli ára í takt við þróunina í hagkerfinu. Tjónaþróun var hagfelld á árinu, sér í lagi í ljósi stórtjónaþróunar en eitt stórtjón féll til á árinu samanborið við sex stærri brunatjón á árinu 2024 og útskýrir stórbætta afkomu váttryggingasamninga á milli ára.

Afkoma af váttryggingarekstri fyrir skatta nam á árinu 2025 2.576 m. kr. (2024: 1.283 m. kr.). Tekjur af váttryggingasamningum námu 34.778 m. kr. (2024: 33.598 m. kr.) og jukust um 3,5% á milli ára. Kostnaður af váttryggingasamningum nam 32.046 m. kr. á árinu 2025 (2024: 31.720 m. kr.) og jókst um 1,3% á milli ára. Samsett hlutfall var 92,6% á árinu 2025 (2024: 96,2%).

Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta nam á árinu 2025 448 m. kr. (2024: 3.435 m. kr.). Fjárfestingatekjur námu 2.449 m. kr. á árinu 2025 (2024: 5.474 m. kr.) og Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu var 3,7% á árinu (2024: 9,4%) sem er tæpum 5 prósentustigum minna en viðmið um ávöxtun sem sett var fram í upphafi ársins 2025 og tekur mið af fjárfestingastefnu. Góð afkoma var af skuldabréfasafni og nam ávöxtun 8,4% en tap var af skráðum og óskráðum hlutabréfum sem skýrist að mestu af mikilli gengislækkun hlutabréfa í Alvotech og nemur tapið á þeirri stöðu 1.586 m.kr. á árinu. Tap af safni óskráðra hlutabréfa nam 194 m.kr. á árinu. Sjá nánar um rekstur og afkomu í kafla A.

Sterk ímynd og staða félagsins á váttryggingamarkaði var staðfest þegar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar sýndu að Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni á árinu 2025, níunda árið í röð og í fimmta skiptið með marktækum mun. Ánægja viðskiptavina helst í hendur við ánægju starfsfólks en starfsánægja mældist á árinu 2025 með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum. Stefna félagsins er að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð og er áhersla lögð á að þjónusta viðskiptavini á þeirra forsendum og eftir leiðum sem hentar þeim best.


Stjórnkerfi

Stjórn fer með málefni félagsins og skal sjá um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn, ásamt forstjóra, hefur forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félaganna bæði til skemmri og lengri tíma. Hlut-

hafafundur fer með æðsta vald í málefnum félags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess kveða á um. Forstjóri annast daglegan rekstur og fer í þeim efnum eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Fjögur lykilstarfssvið samkvæmt Solvency II reglugerðinni eru starfrækt en það eru áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvarsla. Samhæfð áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfinu og felur í sér sjálfsmat á öllum fyrirsjáanlegum áhættum starfseminnar. Samhæfð áhættustýring er höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku og hefur verklag verið innleitt til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðjað geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félögin, viðskiptavinum og váttryggðum. Komið hefur verið á virku innra eftirlitskerfi, sem mótað er af stjórn, stjórnendum og starfsmönnum, sem á að veita hæfilega vissu um að félögin nái settum markmiðum sínum. Þriggja þrepa líkan hefur verið innleitt með það að markmiði að hjálpa félaginu að ná settum markmiðum, stuðla að sterkri stjórnsýslu og áhættustýringu og tryggja skilvirk samskipti. Sjá nánar um stjórnkerfi Sjóvá í kafla **B**.

Gjaldþol og eiginfjárstýring

Gjaldþol félagsins er 24.726 m.kr. (fyrir áætlaða arðgreiðslu) í árslok 2025 í samanburði við 25.887 m.kr. í árslok 2024. Sjá nánar um gjaldþol í kafla **E**. Gjaldþolskrafa félagsins hækkaði um 7% á milli ára. Markaðsáhætta hækkar um 13% á milli ára þar sem samhverfi aðlögunarstuðullinn (e. symmetric adjustment) hækkar um 5% stig á milli ára. Váttryggingaáhætta hækkar um 4% á milli ára vegna stækkunar váttryggingastofns, þ.m.t. aukning tekna og hækkun tjónaskuldar. Þróun gjaldþolskröfu á milli ára má sjá á mynd **1** hér fyrir neðan.



Mynd 1: Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2024 og 2025


Lágmarksfjármagn (MCR) félagsins var 6.927 m.kr. í árslok 2025 í samanburði við 6.766 m.kr. í árslok 2024. Allt eigið fé félagsins flokkast undir eiginfjárbátt 1 (e. tier 1). Gjaldþolshlutfall félagsins var 146% í árslok 2025, fyrir áætlaða arðgreiðslu.

Fjárhagsstaða Sjóvár og Sjóvá lífs er sterk og uppfylla félögin kröfur um lágmarksfjármagn MCR og gjaldþolskröfu SCR. Á árinu 2025 var ekki um nein frávik frá kröfu um lágmarks-

fjármagn (MCR) eða gjaldpolskröfu (SCR). Sjá nánar um eiginfjárstýringu í kafla E.

Áhættusnið

Helsta áhætta félagsins er váttryggingaáhætta og markaðsáhætta og voru nokkur áföll reiknuð og áhrif þeirra á gjaldpolshlutfall kannað.



Mynd 2: Solvency II hlutfall næmnigreining m.v. árslok 2025

Mynd 2 sýnir áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldpolshlutfall félagsins. Öll áföll voru skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað myndi haldast óbreytt (einföldun). Sjá nánar um áhættusnið og áföll í kafla C.

A Rekstur og afkoma

A.1 Rekstur

A.1.1 HEITI FÉLAGS OG REKSTRARFORM

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár. Félögin eru váttryggingafélög og starfa m.a. samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Höfuðstöðvar eru í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

A.1.2 EFTIRLITSADILI

Sjóvá og Sjóvá líf lúta eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (FME), Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.

A.1.3 YTRI ENDURSKOÐANDI

Í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 skal ársreikningur váttryggingafélags endurskoðaður af endurskoðanda. Endurskoðun ársreiknings er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2022. Sá samningur hefur verið framlengdur um eitt ár í senn og gildir einnig fyrir rekstrarárið 2025. Endurskoðendurnir Díana Hilmarsdóttir og Sigurjón Örn Arnarson árita ársreikning fyrir hönd KPMG. Heimilisfang KPMG er Borgartún 27, 105 Reykjavík.

A.1.4 EIGENDUR VIRKRA EIGNAHLUTA

Í árslok 2025 voru hluthafar 1.224 en þeir voru 1.105 í ársbyrjun og fjölgaði þeim því um 119 á árinu. 50,3% hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 35,4% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 3,8% í eigu erlendra verðbréfasjóða, 8,5% í eigu innlendra verðbréfasjóða og 2,1% í eigu fjármálafyrirtækja. Einn hluthafi fer með virkan eignarhlut í félaginu (yfir 10% hlut) en það er Hrólfssker ehf. með 15,9% hlut.

A.1.5 UPPBYGGING SJÓVÁ SAMSTÆÐU


Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Beinn eignarhlutur Sjóvár er 99%. Annað dótturfélag Sjóvár er Sjóvá Forvarnahúsið ehf. sem á 1% hlutafjár í Sjóvá líf.

A.1.6 HELSTU VÁTTRYGGINGAGREINAR OG STARFSSVÆÐI SJÓVÁR

Sjóvá samstæðan starfar á sviði skaða- og líftrygginga, og er einungis starfrækt á Íslandi. Skaðatryggingar eru tryggingar gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum. Váttryggingarekstrinum er skipt í einstaklings- og fyrirtækjaráðgjöf og er um 63% tekna hjá einstaklingsráðgjöf en um 37% hjá fyrirtækjaráðgjöf. Sala trygginga er einungis í höndum starfsmanna og umboðsaðila Sjóvár en sala líf- og sjúkdómatrygginga fer einnig fram með rafrænum hætti. Hjá stærri fyrirtækjum eru viðskiptastjórar sem sjá um

að þjónusta viðskiptavini. Dæmi um skaðatryggingar eru munatryggingar, þ.e. váttryggingar á fasteignum og lausafé, ábyrgðartryggingar og slysatryggingar. Persónutryggingar eru váttryggingar þar sem váttryggð áhætta er bundin lífi og heilsu þess sem váttryggður er, þ.e. líf- og heilsutryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Tæp 74% tekna eru í stærstu skaðatryggingaflokkunum: lögboðnum ökutækjatryggingum (35%), eignatryggingum (21%) og frjálsum ökutækjatryggingum (18%). Þá eru rúm 10% tekna í heilsu- og líftryggingum hjá Sjóvá líf. Váttryggingagreinum er skipt niður í einsleita greinaflokka og er skipting tekna í þá flokka eins og fram kemur á mynd A.1.

Tekjur ársins



Mynd A.1: Hlutfallsskipting tekna ársins 2025 eftir váttryggingagreinum raðað eftir stærð flokka.

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2025, umreiknaður í heilsársstörf var 189 (2024: 187). Karlar eru 47% starfsmanna en konur 53% og í hópi stjórnenda eru karlar 43% en konur 57%. Félagið starfrækir 15 útibú og þjónustuskrifstofur víðs vegar um landið, auk höfuðstöðvanna. Höfuðstöðvar eru staðsettar í Kringlunni 5, 105 Reykjavík, auk þess eru útibú staðsett á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík, Húsavík, Egilsstöðum, Selfossi, Vestmannaeyjum, Hólmavík, Neskaupstaður, Ólafsvík, Sauðárkrók, Höfn og Reykjanesbæ.

A.1.7 VIÐSKIPTI EÐA ATBURÐIR SEM HÖFÐU VERULEG ÁHRIF Á SJÓVÁ

Rekstrarniðurstaða ársins 2025 endurspeglar afar sterkan grunnrekstur félagsins í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði. Tekjuvöxtur er ekki jafn mikill og síðustu ár sem skýrist

bæði af aukinni samkeppni á váttryggingamarkaði og minni aukningu í umsvifum viðskiptavina á fyrirtækjamarkaði á milli ára í takt við þróunina í hagkerfinu. Tjónaþróun var hagfelld á árinu, sér í lagi í ljósi stórtjónaþróunar en eitt stórtjón féll til á árinu samanbórið við sex stærri brunatjón á árinu 2024 og útskýrir stórbætta afkomu váttryggingasamninga á milli ára.

Góð afkoma var af skuldabréfasafni en tap var af skráðum og óskráðum hlutabréfum sem skýrist að mestu af mikilli gengislækkun hlutabréfa í Alvotech og nemur tapið á þeirri stöðu 1.586 m.kr. á árinu. Tap af safni óskráðra hlutabréfa nam 194 m.kr. á árinu.

Engir aðrir atburðir eða viðskipti höfðu veruleg áhrif á afkomu félagsins. Breytingar á eignasamsetningu fjárfestingasafns má finna á mynd [A.3](#) í kafla [A.3](#).

A.2 Árangur í váttryggingastarfsemi

A.2.1 SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Heildarhagnaður samstæðunnar dróst saman um rúm 51% á milli ára og var 2.066 m.kr. árið 2025 samanbórið við 4.241 m.kr. á árinu 2024 og munar þar mestu um mun lægri afkomu af fjárfestingum.

Afkoma af váttryggingasamningum félagsins tvöfaldaðist á milli ára og var 2.576 m.kr. á árinu 2025 samanbórið við 1.283 m.kr. á árinu 2024. Tekjuvöxtur var 3,5% á milli ára á meðan kostnaður á váttryggingasamningum jókst um 1,0%. Afkoma af fjárfestingum, ef tekið er tillit til fjármagnsliða váttryggingasamninga, dróst saman um 87,0%. Skiptingu tekna af váttryggingasamningum eftir greinaflokkum má sjá á töflu [A.1](#).

	2025	2024	Breyting
Eignatryggingar	7.173	6.989	3%
Sjó-, flug og farmtryggingar	1.011	1.056	-4%
Lögb. ökutækjatrýggingar	12.249	11.813	4%
Frjálsar ökuttryggingar	6.225	5.920	5%
Ábyrgðartryggingar	1.877	1.844	2%
Greiðslu- og efndatryggingar	17	21	-18%
Alm slysa- og sjúkratryggingar	1.543	1.366	13%
Atvinnuslysatryggingar	1.036	1.145	-10%
Sjúkrakostnaðartryggingar	40	41	-1%
Líftryggingar	1.623	1.548	5%
Heilsutryggingar (líf)	1.984	1.855	7%
Samtals	34.778	33.598	4%

Tafla A.1: Tekjur (í m.kr.) eftir greinaflokkum árið 2025 og 2024.

Yfirlit yfir afkomu samstæðunnar ásamt helstu kennitölum má sjá í töflum [A.2](#) og [A.3](#).

Samsett hlutfall er einn þeirra mælikvarða sem horft er til þegar afkoma af váttryggingastarfsemi er metin og sýnir hlutfall tjóna-, endurtrygginga- og rekstrarkostnaðar af iðgjöldum. Fjármagnsliðir váttryggingasamninga eru ekki reiknaðar inn í samsett hlutfall.

Tekjur, tjón og samsett hlutfall greinaflokka í skaðatryggingum fyrir árið 2025 má sjá í töflu [A.4](#). Tekjur greiðslu- og efndaváttrygginga (17 m.kr.) eru sameinaðar hér ábyrgðar-

	2025	2024	Breyting
Tekjur af váttryggingasamningum	34.778	33.598	3,5%
Kostnaður af váttryggingasamningum	-32.046	-31.720	1,0%
Afkoma af endurtryggingasamningum	-156	-594	-73,7%
Afkoma af váttryggingasamningum	2.576	1.283	100,8%
Hreinar fjármunatekjur	609	671	-9,2%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.840	4.803	-61,7%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	-412	-394	4,6%
Afkoma fjárfestinga	2.038	5.080	-59,9%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	-1.590	-1.645	-3,4%
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	448	3.435	-87,0%
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	3.024	4.718	-35,9%
Aðrar tekjur	162	170	-4,7%
Annar rekstrarkostnaður	-66	-67	-2,0%
Annar fjármagnskostnaður	-56	-53	4,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.065	4.768	-35,7%
Tekjuskattur	-999	-528	89,3%
Hagnaður ársins eftir skatt	2.066	4.241	-51,3%

Tafla A.2: Rekstrarreikningur (í m.kr.) samstæðunnar 2025 og 2024.

	2025	2024
Tjónahlutfall	72,5%	74,7%
Endurtryggingahlutfall	0,4%	1,8%
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	73,0%	76,5%
Kostnaðarhlutfall	19,6%	19,7%
Samsett hlutfall	92,6%	96,2%
Ávöxtun eigin fjár	8,4%	17,5%
Hagnaður á hlut	1,79	3,67
Þynntur hagnaður á hlut	1,78	3,66
Gjaldþol eftir áætlaða arðgreiðslu	23.626	22.487
Gjaldþolshlutfall	1,40	1,42

Tafla A.3: Helstu kennitölur úr rekstrarreikningi samstæðunnar 2025 og 2024.

tryggingum og tekjur sjúkrakostnaðartrygginga (40 m.kr.) flokkast hér með almennum slysa- og sjúkratryggingum.

Sambærileg tafla fyrir greinaflokka Sjóvá líf má sjá í töflu [A.5](#).

Á mynd [A.2](#) má sjá samsett hlutfall greinaflokka árin 2025 og 2024.

	Eignatr	Sjó-, flug- og farmtr	Lögb öku- tækjatr	Frjálsar ökuttr	Ábyrgð- artr	Alm slysa- og sjúkratr	Atvinnu- slysatr	Samtals frumtr.
Tekjur ársins	7.173	1.011	12.249	6.225	1.894	1.584	1.036	31.171
Tjón ársins	-4.672	-575	-9.711	-5.801	-1.300	-1.210	-737	-24.007
Tekjur/Gjöld af endurtryggingum	643	-269	-37	0	-246	23	-62	50
Rekstarkostn.	-1.381	-174	-2.364	-1.442	-259	-306	-146	-6.071
Tjónshlutfall	65,1%	56,9%	79,3%	93,2%	68,6%	76,4%	71,1%	77,0%
Endurtryggingahlutfall	-9,0%	26,7%	0,3%	0,0%	13,0%	-1,5%	6,0%	-0,2%
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	56,2%	83,5%	79,6%	93,2%	81,6%	75,0%	77,1%	76,9%
Kostnaðarhlutfall	19,3%	17,2%	19,3%	23,2%	13,7%	19,3%	14,0%	19,5%
Samsett hlutfall	75,4%	100,7%	98,9%	116,4%	95,3%	94,3%	91,2%	96,3%

Tafla A.4: Skipting eftir greinaflokkum Solvency II í skaðatryggingum 2025 (í m.kr.)

	Líf- tryggingar	Heilsu- tryggingar	Samtals
Tekjur ársins	1.623	1.984	3.608
Tjón ársins	-528	-679	-1.207
Tekjur/Gjöld af endurtryggingum	-21	-185	-206
Rekstarkostn.	-344	-412	-756
Tjónshlutfall	32,5%	34,2%	33,5%
Endurtryggingahlutfall	1,3%	9,3%	5,7%
Tjóna- og endurtryggingahlutfall	33,8%	43,6%	39,2%
Kostnaðarhlutfall	21,2%	20,8%	21,0%
Samsett hlutfall	55,0%	64,3%	60,2%

Tafla A.5: Skipting eftir greinaflokkum Solvency II í líftryggingum 2025 (í m.kr.)

HELSTU VÁTRYGGINGATEGUNDIR


Um allar tryggingarnar gildir að vátryggingavernd er skilgreind nákvæmlega í skilmálum þeirra. Hægt er að finna skilmála á heimasíðu Sjóvá [hér](#).

Eignatryggingar

Helstu vátryggingagreinar eignatrygginga eru:

Brunatryggingar

Lögboðin brunatrygging húseigna - uppbygging eða lagfæring á húseignum og föstum innréttingum vegna tjóns af völdum bruna og er vátryggingafjárhæð brunabótamat eins og það er skráð hjá fasteignaskrá HMS. Á vefsíðu HMS er góð sundurliðun á því hvað fellur undir brunabótamat fasteignar.



Mynd A.2: Samsett hlutfall í greinaflokkum 2025 og 2024.

Rekstrarstöðvunartrygging - váttryggingin tekur til fjárhagslegs tjóns sem hinn váttryggðri verður fyrir vegna samdráttar í vörusölu og þjónustu af völdum tjóns sem leiða má til bruna-, þjófnaðar- eða vatnstjónstryggingar, sem seld er samhliða váttryggingu þessari.

Fjölskyldutryggingar:

Viðtæk trygging þar sem innbú og lausafé heimila er tryggt gegn bruna- vatni, innbrotum o.fl. Val er um þrjár mismunandi viðtækar tryggingar, eftir þörfum viðskiptavinar.

Fasteignatryggingar:

Er samsett trygging sem tryggir íbúðarhúsnæði gegn vatnsskaða, glertjónum, innbroti, foki o.fl.

Eignatryggingar lausafjár:

Tekur til tjóns á lausafé af völdum bruna, eldingar eða sprengingar. Til viðbótar bruna-tryggingu, er hægt að kaupa vatnstjóns- og foktryggingu og innbrotstryggingu. Greinargott yfirlit yfir aðrar eignatryggingar sem og aðra greinaflokka er að finna á heimasíðu [Sjóvá](#).

Sjó- flug- og farmtryggingar

Sjótryggingar:

Skiptast í áhafnatryggingar, húftryggingar skipa, nótatryggingu, afla- og veiðifæratryggingu og farmtryggingar. Áhafnatrygging er samsett trygging sem tekur til þeirra trygginga sem tengjast áhöfn skips. Slysatrygging sjómanna flokkast í greinaflokkinn Atvinnuslysatryggingar og ábyrgðartrygging útgerðamanna í Ábyrgðartryggingar. Húftrygging bætir altjón eða skemmdir er kunna að verða á skipi vegna óhappa. Nótatryggingin tekur á bótaskyldum tjónum sem verða á nótt. Afla- og veiðafæratryggingin tekur til bótaskyldra tjóna sem verða á afla- og veiðafærum. Farmtrygging bætir skemmdir á farmi sem fluttur er til og frá landi sem og flutningur innanlands.

Flugtryggingar:

Flugtrygging samanstendur af þremur megin þáttum: lögboðinni ábyrgðartryggingu, slysaftryggingu flugmanns og farþega og húftryggingu loftfarsins. Ábyrgðartryggingin byggir á reglugerð um skylduaftryggingar vegna loftferða nr. 78/2006. Slysaftrygging flugmanns er valkvæð trygging sem tekur eingöngu til einka- og kennsluflugvéla. Húftrygging er valkvæð trygging sem bætir hlutafþjón og alþjón á loftfarinu af völdum skyndilegs og utanaðkomandi atviks.

Lögboðnar ökutækjaftryggingar

Ábyrgðartryggingar ökutækja:

Lögboðin trygging sem greiðir bætur fyrir þjón á fólki og munum sem ökutæki veldur. Annar hluti aftryggingategundarinnar eru bætur greiddar fyrir skemmdir á ökutækjum sem ekið er á sem og öðrum hlutum sem kunna að skemmast við tjónið. Hinn hlutinn eru greiddar bætur vegna slysa á fólki, það er farþegum og ökumanni ökutækis sem ekið er á, farþegum í ökutæki tjónvalds og tjón vegna slysa á gangandi eða hjólandi vegfarendum sem ökutækið veldur. Eigandi og ökumaður ökutækisins sem tjóninu veldur fá hins vegar sitt slysatjón bætt úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda sem einnig er lögboðin trygging.

Frjálsar ökutækjaftryggingar

Kaskótryggingar ökutækja:

Kaskótrygging ökutækja bætir þjón á hinu aftryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika svo sem áreksturs, þjófnaðar og skemmdarverka.

Rúðuftryggingar ökutækja:

Bætir skemmdir á rúðum ökutækis. Annars vegar er um rúðuskipti að ræða en einnig er í mörgum tilfellum mögulegt að gera við rúður. Tjónakostnaður er mun lægri þegar mögulegt er að gera við rúður um leið og um minni sóun er að ræða. Viðskiptavinir greiða ekki eigin áhættu ef þeir velja rúðuvíðgerð og tjónið hefur ekki áhrif á Stofnendurgreiðslu þar sem 10% iðgjalda eru endurgreidd til tjónlausra viðskiptavina. Hvatinn er því mikill að velja víðgerð á rúðu ef það er mögulegt.

Ábyrgðartryggingar

Ábyrgðartryggingar flokkast í starfsábyrgðartryggingar sem ýmist eru lögboðnar eða frjálsar og almennar ábyrgðartryggingar. Aftryggingavernd í stærstu greininni, frjálsri ábyrgðartryggingu, tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á aftryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem um ræðir enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til atburðar sem aftryggingataki ber skaðabótaábyrgð á. Á sama hátt er aftryggt gegn skaðabótaábyrgð, er fellur á aftryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar, þar sem starfsemin fer fram. Ábyrgðartryggingar eru líka seldar til einstaklinga en þær eru hluti af fjölskylduftryggingum og einnig seldar sérstaklega t.d. vegna skotvopna og hunda.

Sjúkra- og slysaftryggingar

Stærstu greinar sjúkra- og slysaftrygginga eru tryggingar þar sem bætur greiðast við starfsorkumissi af völdum slyss eða sjúkdóms. Slysaftryggingar í frítíma sem er hluti af flestum

fjölskyldutryggingum er stærsti þáttur greinaflokksins en þar greiðast bæt看ur verði vátryggður fyrir slysi í frítíma sem veldur missi starfsorku í lengri eða skemmri tíma. Auk þessa eru ferðatryggingar tengdar fjölskyldutryggingum stór hluti greinaflokksins.

Atvinnuslysatryggingar

Í atvinnuslysatryggingar flokkast slysatrygging launþega og slysatrygging sjómanna. Launþegar eru tryggðir samkvæmt kjarasamningum verði þeir fyrir slysi í vinnu sem leiðir til þess að þeir verða frá vinnu í lengri eða skemmri tíma. Vátryggingafjárhæðir eru ákvarðaðar í kjarasamningum. Slysatrygging sjómanna greiðir bæt看ur verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína en þar eru bæt看ur til þeirra sem slasast ákvarðaðar samkvæmt skaðabótalögum og er stór hluti bóta vegna áætlaðs tekjutaps framtíðarinnar.

Líftryggingar

Stærstu vátryggingagreinarar eru líf- og sjúkdómatryggingar.

Líftryggingar:

Líftrygging greiðir réttihöfum bæt看ur ef líftryggður einstaklingur fellur frá af völdum slyss eða sjúkdóms. Einnig eru greiddar bæt看ur vegna andláts barns líftryggðs að átján ára aldri.

Heilsutryggingar

Stærstu greinarar eru:

Sjúkdómatrygging:

Sjúkdómatrygging greiðir bæt看ur ef vátryggður greinist með einhvern af þeim sjúkdómum sem tryggingin tekur til, óháð því hvort sjúkdómurinn leiðir til óvinnufærni, örorku eða ekki. Bæturnar eru greiddar í einu lagi og eru skattfrjálsar. Þannig geta vátryggðir mætt óvæntum útgjöldum og launatapi í kjölfar alvarlegra veikinda.

Barnatryggingar:

Barnatrygging er fyrir börn frá eins mánaða aldri til 20 ára. Hún er samsett trygging sem verndar barnið fyrir framtíðartekjutapi sem slys eða alvarlegir sjúkdómar geta valdið auk þess sem hún kemur til móts við foreldra sem verða fyrir tekjumissi og ófyrirséðum kostnaði vegna veikinda barna.

A.3 Árangur af fjárfestingum

A.3.1 SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Verðbréfaeignir samstæðunnar námu 68.238 m.kr. í lok árs 2025 samanborið við 68.069 m.kr. í lok árs 2024. Þær eignir sem tilheyra ekki eignum í stýringu eru hlutdeildarsjóðir þar sem liftryggingatakar bera fjárfestingaráhættu, eignir Sjóvá lífs í verðbréfasjóðum, laust fé sem notað er í daglegum rekstri og hlutafé í dótturfélögum Sjóvár, Sjóvá lífs og Forvarnarhúsinu ehf. Verðbréfaeignir sem samstæðan ber fjárfestingaráhættu af námu í lok árs 2025 63.580 m.kr. samanborið við 62.830 m.kr. í lok árs 2024. Samstæðan ber hvorki fjárfestingaráhættu af afleiðum né verðbréfun. Fjárfestingatekjur Sjóvár voru 2.449 m.kr. á árinu en voru 5.474 m.kr. á árinu 2024. Ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu félagsins var 3,7% á árinu 2025 samanborið við 9,4% árið áður. Fjárfestingatekjur greinast annars vegar í fjármunatekjur sem samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé, fengnum arði og gengismun og hins vegar af gangvirðisbreytingu verðbréfa sem samanstendur af söluhagnaði verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum. Fjármunatekjur námu 609 m.kr. árið 2025 og 671 m.kr. árið 2024 og lækka um 9,2% á milli ára. Gangvirðisbreyting verðbréfa nam 1.840 m.kr. árið 2025 og 4.803 m.kr. árið 2024. Niðurbrot fjárfestingatekna (m.kr.) má sjá í töflu A.6.

	2025	2024
Vaxtatekjur af handbæru fé	136	260
Fenginn arður	479	370
Gengismunur	-6	41
Fjármunatekjur	609	671
Gangvirðisbreyting verðbréfa	1.840	4.803
Fjárfestingatekjur	2.449	5.474

Tafla A.6: Niðurbrot fjárfestingatekna skv. IFRS (í m.kr.)

Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu námu 2.271 m.kr. á árinu 2025 og beinn kostnaður nam 48 m.kr. Beinn kostnaður vegna fjárfestingastarfsemi samanstendur af viðskiptaþóknunum og vörslu – og uppgjörsgjöldum á tímabilinu. Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu ásamt beinum kostnaði henni tengdri eftir eigna-flokkum má sjá í töflu A.7.


Stærstu breytingar á eignasafninu á árinu 2025 voru aukið vægi fyrirtækjaskuldabréfa og minna vægi skuldabréfa með ríkisábyrgð. Einnig var dregið lítillega úr hlutfalli lausafjár. Sjá breytingar á eignasamsetningu eignasafnsins á árinu 2025 á mynd A.3.

Ávöxtun eignasafnsins árið 2025 var 3,7% en verðbólga yfir árið var 4,5% og raunávöxtun því neikvæð um 0,8%. Það er verulega undir væntingum til lengri tíma lítið en eignamarkaðir voru afleitir hérlandis bróðurpart ársins. Ávöxtun eignasafnsins var þó ásættanleg í samanburði við helstu visitölur. Úrvalsvisitala hlutabréfa, að teknu tilliti til arðgreiðslna, hækkaði um 0,4% á árinu, Ríkisskuldabréfavisitala Kviku um 7,7% og Skuldabréfavisitala Kviku um 8,2%.

Ávöxtun skráðra hlutabréfa var neikvæð um 5,5% á árinu og afkoma neikvæð um 967 m. kr. sem er undir væntingum. Skýrist slæm afkoma helst af almennt erfiðu árferði á

	Virði 31.12.2025	Virði 31.12.2024	Afkoma 2025	Gjöld 2025
Ríkiskuldabréf, skráð á markað	18.526	21.877	1.418	25
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð á markað	20.645	16.444	1.636	7
Hlutabréf, skráð á markað	16.519	16.324	-967	15
Afleiður	0	0	0	0
Fyrirtækjaskuldabréf, óskráð	2.528	1.693	172	0
Hlutabréf, óskráð	1.832	1.980	-225	0
Sjóðir	2.410	2.711	158	0
Innstæður skemmri en eitt ár	1.120	1.800	80	0
Samtals	63.580	62.830	2.271	48

Tafla A.7: Afkoma og gjöld (í m.kr.) af eignum í stýringu 2025 m.v. CIC flokkun



Mynd A.3: – Breytingar á samsetningu eigna í stýringu á árinu 2025 m.v. CIC flokkun

hlutabréfamarkaði hérlandis en einnig átti Alvotech einstaklega erfitt uppdráttar á árinu. Afkoma Sjóvár af hlutabréfum Alvotech var neikvæð um 1.586 m. kr. á árinu og skýrir því vel rúmlega neikvæða afkomu skráðra hlutabréfa.

Afkoman af ríkisskuldabréfum var jákvæð um 1.391 m. kr. eða 7,9%. Vaxtanæmi skuldabréfasafnsins hefur verið haldið nokkuð lágu síðustu ár og var nokkur breyting þar á á árinu 2025. Meðallíftími skuldabréfasafnsins var 3,5 ár í lok árs samanborið við 2,3 í upphafi árs. Verðtryggingarhlutfall safnsins tók ekki miklum breytingum á árinu en hækkaði lítillega og nam 51,1% í lok árs. Önnur skuldabréf skiluðu 1.961 m. kr. eða 8,8% en sömu stefnu um líftíma og verðtryggingarhlutfall var fylgt þar. Sjá má yfirlit yfir afkomu stærstu eignaflokka félagsins í töflu A.8.

Árið 2025 var nokkuð viðburðaríkt með tilliti til verðbréfamarkaða og efnahagsmála

hérlandis. Sala á eftirstandandi hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka kláraðist, Arion banki óskaði eftir samrunaviðræðum við Íslandsbanka sem ekkert varð úr og skömmu síðar hófust samrunaviðræður á milli Arion banka og Kviku banka, Íslandsbanki og Skagi hófu samrunaviðræður sem síðar var slitið og PLAY fór á hausinn. Engar nýskráningar voru á hlutabréfamarkaði hérlandis á árinu 2025. Verðbólga hefur reynst þrálátari en margir áttu von á og endaði árið í 4,5%. Seðlabankinn lækkaði þó stýrivexti um samtals 1,25% á árinu en hélt raunvaxtaaðhaldinu áfram nokkuð þéttu. Ljóst er að þensla í hagkerfinu hefur minnkað töluvert frá því sem var en atvinnuleysi hefur þokast upp og spár gera ráð fyrir að hagvöxtur hafi verið 1,3% á árinu 2025 sem er nokkuð undir hagvaxtargetu þjóðarbúsins.

	Virði 31.12.2025	Vægi	Virði 31.12.2024	Hreyfingar	Ávöxtun	Afkoma
Laust fé	1.120	2%	1.800	-760	6.3%	80
Skuldabréf með ríkisábyrgð	17.976	28%	21.647	-5.062	7.9%	1.391
Önnur skuldabréf	25.225	40%	20.190	3.074	8.8%	1.961
Skráð hlutabréf	16.519	26%	16.324	1.162	-5.5%	-967
Óskráð hlutabréf	2.739	4%	2.869	64	-7.1%	-194
Verðbréf samtals	63.580	100%	62.830	-1.521	3.7%	2.271

Tafla A.8: Afkoma og ávöxtun (í m.kr.) af eignum samstæðu í stýringu á árinu 2025 m.v. eigin flokkun

Samanburður á ávöxtun nokkurra ríkisskuldabréfasjóða annars vegar og hlutabréfasjóða hins vegar á árinu 2025 má sjá í töflu **A.9**.

Skuldabréfasjóðir	2025	Hlutabréfasjóðir	2025
Sjóvá – samstæða	7.9%	Sjóvá – samstæða	-5.5%
Kvika - Ríkisverðbréf	8.0%	ÍV - Hlutabréf	-7.3%
Landsbréf - Sparibréf meðallöng	7.3%	Stefnir - Innlend hlutabréf	-8.1%
Íslandssjóðir - Ríkisskuldabréf meðallöng	7.1%	Landsbréf - Úrvalsbréf	-9.0%
ÍV áskriftarsjóður ríkisverðbréfa	6.8%	Íslandssjóðir - Hlutabréfasjóðurinn	-14.1%
Stefnir Ríkisverðbréfasjóður - millilangur	6.5%	Kvika - Innlend hlutabréf	-16.4%
		Akta Stokkur	-22.6%

Tafla A.9: Ávöxtun nokkurra ríkisskuldabréfa- og hlutabréfasjóða, 2025

A.4 Árangur af annarri starfsemi

Ekki er um aðra starfsemi að ræða en fram kemur í köflum A.1-A.3.

A.5 Aðrar upplýsingar

A.5.1 MARKVISS STEFNA Í SJÁLFBÆRNI

Sjóvá hefur lengi lagt sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins, auk þess sem það hefur lengi unnið að margvíslegum samfélagslegum verkefnum. Félagið hefur sett stefnu um sjálfbærni og er markmið stefnunnar að stuðla að samþættingu á sjálfbærni í starfseminni, að starfsemin uppfylli kröfur sem til hennar eru gerðar og að Sjóvá sé í fararbroddi á þessu sviði. Félagið gefur út sérstaka skýrslu um sjálfbærni, hana má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Til að meta hvaða sjálfbærniþættir hafa mest áhrif á fyrirtæki og hagaðila þess og hvaða sjálfbærniþætti starfsemi fyrirtækis hefur helst áhrif á er framkvæmd svokölluð tviátta mikilvægisgreining. Samkvæmt tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD) skal sjálfbærniupplýsingagjöf þeirra fyrirtækja sem falla undir tilskipunina byggja á slíkri greiningu. Tviátta mikilvægisgreining var framkvæmd fyrir starfsemina þegar útlit var fyrir að Sjóvá myndi falla undir CSRD reglugerðina. Það átti hins vegar eftir að breytast á árinu 2025 með svokölluðum Omnibus tillögum sem fólu í sér breytingar á gildissviði hennar. Engu að síður var ákveðið að byggja upplýsingagjöf Sjóvár um sjálfbærnimál áfram á mikilvægisgreiningunni, enda um að ræða gagnlegan ramma til að ná utan um áhrif starfseminnar á helstu sjálfbærniþætti, og öfugt.

Samkvæmt niðurstöðu mikilvægisgreiningarinnar eru mikilvægustu sjálfbærniþættir í rekstri Sjóvár og virðiskeðju þess:

- Loftslagsbreytingar
- Ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu
- Forvarnir
- Mannauður
- Stjórnarhættir

Þær stefnur sem eru til staðar hjá félaginu og tengjast umhverfispáttum, félagspáttum og stjórnarháttum eru m.a. stefna um sjálfbærni, umhverfisstefna, mannréttindastefna sem felur í sér jafnréttisstefnu og stefnu um fjölbreytileika auk stefnu gegn áreitni, siðareglur, stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, stefnur um upplýsingaöryggi, persónuverndarstefna, stefna um varnir gegn mútum og spillingu, skattastefna og starfsreglur stjórna samstæðunnar. Um er að ræða lykilstefnur og reglur sem ætlað er að styðja við árangur á þessum sviðum.

Sjóvá hefur um árábil lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkun auðlinda í rekstrinum, og leitast er við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Sjóvá hefur verið með samning við Kolvið um kolefnisbindingu með skógrækt til jöfnunar losunar frá starfseminni. Að auki hefur félagið keypt kolefniseiningar frá Kötlum Carbon (áður SoGreen), sem vinnur að

forðun losunar með menntaverkefnum fyrir stúlkur í Afríku.

Heildarniðurstaða UFS áhættumats Reitunar á Sjóvá sem gefið var út 2025 var loka-einkunn B1 og 80 stig af 100 mögulegum. Meðaltal íslenska markaðarins stóð þá í 73 stigum af 100 mögulegum. Sjóvá fékk sama stigafjölda og í matinu árið 2024 en kröfur í matinu jukust milli ára. Félagið fékk 72 stig af 100 mögulegum og einkunnina B2 fyrir stjórnarhætti í UFS mati Reitunar. Fyrir undirflokkinn Almennir stjórnarhættir fékk félagið 93 stig af 100 eða einkunnina A2.

Sjóvá veitir árlega styrki til aðila sem vinna að forvörnum og mikilvægum málefnum í þágu samfélagsins. Lögð er áhersla á að styrkja verkefni sem styðja við hlutverk og stefnu félagsins. Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörg í 26 ár. Sjóvá er aðalstyrktaraðili samtakanna og hefur unnið með þeim á vettvangi fjölbreyttra forvarnaverkefna, öryggismála og váttrygginga. Í mars var ýtt úr vör herferð þar sem umhverfisskilti voru nýtt til að koma mikilvægum forvarnar- og öryggisskilaboðum til vegfarenda á stöðum þar sem fólk þarf að vera sérstaklega vakandi í umferðinni. Um haustið var sett upp önnur herferð á auglýsingaskiltum þar sem vakin var athygli á því að þúsundir barna væru að bætast við umferðina við upphaf skólaársins og að mörg þeirra væru að fara í fyrsta skipti sjálf um göturnar. Haldið var áfram að vekja athygli á þeirri miklu hættu sem stafar af farsímanotkun undir stýri undir formerkjum átaksins „Ekki taka skjáhættuna“ sem Sjóvá og Samgöngustofa standa saman að. Símanotkun við akstur dróst saman um 8,6% árið 2024 eftir að herferðinni var hrundið af stað. Samkvæmt útreikningum Samgöngustofu jafngilti það sparnaði fyrir samfélagið upp á rúmar 700 milljónir króna. Sjóvá og Miðstöð slysavarna barna buðu foreldrum barna á aldrinum 0-3 ára og öðrum áhugasömum aðstandendum upp á ókeypis forvarnarnámskeið á árinu sem bar yfirskriftina „Öryggi ungra barna á heimilinu“, en yfir 100 manns sóttu námskeiðin. Ýmsir fundir voru haldnir á árinu um forvarnir og öryggismál, víðs vegar um landið. Í maí var haldinn morgunverðarfundur fyrir aðila ferðaþjónustunnar um öryggismál. Þá hélt Sjóvá fjölsóttu Fyrirtækjadaga á Selfossi, Akureyri og Ísafirði þar sem meðal annars var rætt um forvarnir tengdar brunaáhættu hjá fyrirtækjum. Einnig voru haldin sérstök forvarnarerindi á vegum félagsins á öryggisviku Reykjavíkurborgar. Sjóvá veitir árlega styrki til fjölmargra aðila sem vinna að málefnum í þágu samfélagsins, þar á meðal til Landsbjargar, Bláa Hersins, Umhyggju, Samhjálp og Ljóssins og er lögð áhersla á að fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins og þau heimsmarkmið sem lögð er áhersla á.

Í tjónum og tjónavinnslu er leitast við að minnka sóun og stuðla að umhverfisvænum lausnum. Undanfarin ár hefur starfsfólk sem sinnir tjónamati notað fjarskoðunarbúnaðinn Innsýn við skoðanir og hefur tekist að spara umtalsverðan akstur með þessu fyrirkomulagi, bæði starfsfólks og viðskiptavina. Í lok árs 2024 var byrjað að nota lausnina í auknum mæli í fasteignaskoðunum við kaup trygginga en segja má að það skref hafi verið stigið til fulls á árinu 2025. Þannig fóru langflestar skoðanir við tryggingatöku á fasteignum fram rafrænt á því ári. Á árinu 2025 sparaði notkun Innsýnar starfsfólki okkar akstur sem nam um 105.477 km, miðað við útreikninga í fjarskoðunarlausninni, en sambærilegir útreikningar sýndu sparnað upp á 33.348 km árið 2024. Á árinu var haldið áfram að vekja athygli viðskiptavina á umhverfislegum ávinningi sem fæst með framrúðuviðgerð í stað framrúðuskipta, í góðri samvinnu við samstarfsaðila á verkstæð-

um. Þrátt fyrir áframhaldandi áherslu á þessi mál lækkaði hlutfall framrúðuviðgerða á móti framrúðuskiptum lítillega þetta árið, var 16,1% 2025 en hafði farið upp í 17,2% 2024 og hafði þá hækkað jafnt og örugglega síðustu 5 árin. Sjóvá hefur því ákveðið að gefa enn betur í og sett sér markmið um að ná að gera við að minnsta kosti 20% framrúða sem verða fyrir tjóni.

Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að auka hlutfall þeirra sem tilkynna tjón með rafrænum hætti. Árið 2025 voru 82,6% tjónstilkynninga rafrænar, sem er hækkun frá 2024 þegar hlutfallið var 80,4%. Á undanförunum árum hefur fækkað mjög í hópi viðskiptavina sem kjósa að fá upplýsingar sendar til sín á pappír. Í árslok 2025 voru 95,4% viðskiptavina í rafrænum viðskiptum sem er örlítill fjölgun frá árinu 2024 þegar hlutfallið var 94,1%, en það hafði verið 72% árið 2023. Því er ekki gert ráð fyrir að mikil aukning verði héðan af á þessu hlutfalli, þar sem einhverjir viðskiptavinir kjósa að fá upplýsingar á pappírformi. Sem fyrr sparaðist mikill akstur með notkun rafrænna undirritanna, eða sem nam 757.478 km samkvæmt reiknivél hugbúnaðarfyrirtækisins Taktikal, sem er þónokkur aukning frá árinu 2024 þegar sparnaðurinn var upp á 680.665 km.

A.5.2 ÁNÆGÐARA STARFSFÓLK OG VIÐSKIPTAVINIR

Í janúar 2026 voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar kynntar og þá varð ljóst að Sjóvá væri efst tryggingafélaga í ánægjuvuginni, 9. árið í röð. Sjóvá mældist með 72,9 stig, sem er marktækt hærra en önnur tryggingafélög á markaði og hækkun um 3,8 stig milli ára. Að auki er einkunn Sjóvá 2025 hæsta einkunn sem tryggingafélag hefur fengið frá því að mælingar ánægjuvogarinnar hófust. Þessi árangur er engin tilviljun þar sem unnið hefur verið markvisst að því um margra ára skeið að auka stöðugt ánægju viðskiptavina. Árangurinn þökkum við sterkri liðsheild starfsfólks sem brennur fyrir að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu hverju sinni og vilja til að gera sífellt betur í þeim efnum. Við gleðjumst því sannarlega yfir niðurstöðunum og lítum á þær sem hvatningu til að halda áfram á sömu braut.

B Stjórnkerfi

B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um vátryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um vátryggingasamstæður nr. 60/2017. Stjórn fer með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal jafnframt stuðla að viðgangi félagsins og langtímaárangri og hafa eftirlit með daglegum rekstri þess. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess kveða á um. Forstjóri annast daglegan rekstur og fer í þeim efnum eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Sjóvá starfar á vátryggingamarkaði og er alhliða vátryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá líf er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útviðstað til móðurfélagsins. Félögin fylgja reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um vátryggingastarfsemi og reglugerðum Evrópusambandsins um vátryggingastarfsemi og vátryggingasamstæður nr. 940/2018, og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

B.1.1 SAMSETNING STJÓRNAR, MEGINSVIÐ, HELSTU NEFNDIR OG LYKILSTARFSSVIÐ

B.1.1.1 SAMSETNING STJÓRNAR


Meginhlutverk stjórna er að hafa forystu um að móta stefnu, setja markmið og skilgreina áhættuviðmið félaganna bæði til skemmri og lengri tíma. Hlutverk og ábyrgð stjórna félaganna er að hafa eftirlit með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við stefnu og áætlanir, lög og samþykktir og hafa eftirlit með rekstri og ráðstöfun fjármuna. Stjórnirnar hafa eftirlit með árangri og skilvirkni félaganna og stuðla að því að markmið þeirra náist og að til staðar sé skilvirkt innra eftirlit, áhættustýring og hlítning við lög og reglur. Þær skulu tryggja að viðmiðum og lágmarkskröfum um gjaldþol sé ævinlega fylgt og skulu staðfesta að staðalregla um útreikninga gjaldþols sé viðeigandi fyrir félögin og að niðurstöður gjaldþolsútreikninga séu nýttar í rekstrinum. Þá skulu stjórnirnar tryggja að gildi og stefna samstæðunnar séu þekkt og innleidd í starfseminni.

Stjórn móðurfélags er skipuð fimm einstaklingum; lögfræðingi, tölvunarfræðingi og þremur viðskiptafræðingum, og var endurkjörin á síðasta aðalfundi sem haldinn var þann 12. mars 2026. Styrkleikar stjórnarinnar eru fjölbreytt samsetning, víðtæk þekking úr atvinnulífinu og reynsla af stjórnarsetu félaga í fjölbreyttum rekstri. Sérfræðiþekking og reynsla hvers stjórnarmanns nýtist vel í störfum stjórnarinnar. Stjórnin starfar eftir starfsáætlun sem samþykkt er frá aðalfundi til aðalfundar. Fundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórnarfundir voru í föstum skorðum á árinu 2025 og haldnir voru 15 fundir. Stjórn móðurfélags endurskoðar starfsreglur sínar árlega en þær kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda.

Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Stjórn Sjóvá lífs er skipuð þremur einstaklingum; tölvunarfræðingi, viðskiptafræðingi og lögfræðingi. Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum. Stjórn Sjóvá lífs átti 8 fundi á árinu 2025.

Allir stjórnarmenn hafa undirgengist hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Skipurit Sjóvár kemur fram í eftirfarandi mynd:



Mynd B.1: Skipurit Sjóvár

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Áhættustýring, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, mannauður og gæði og starfsvið tryggingastærðfræðings heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvá lífs er útvistað til móðurfélagsins. Fram-

kvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar fjögurra meginviða félagsins. Framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni, Sigríður Vala Halldórsdóttir, er framkvæmdastjóri dótturfélags Sjóvá, Sjóvá Forvarnahúsið og framkvæmdastjóri Sjóvá Líf er Steinunn Guðjónsdóttir.

B.1.1.2 MEGINSVIÐ SJÓVÁR SAMSTÆÐU

Starfseminni er skipt upp í fjögur meginvið: fjármál og upplýsingatækni, sala og ráðgjöf, tjónaþjónusta og markaðsmál og viðskiptaþróun. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra:

Fjármál og upplýsingatækni

Sviðið ber ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, uppgjörum, fjárhagsupplýsingum, áætlanagerð, viðskiptagreind og upplýsingatækni.

Sala og ráðgjöf

Sviðið ber ábyrgð á ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga, útibúum og umboðsneti, tekjustýringu auk endurtrygginga.

Tjónaþjónusta

Sviðið ber ábyrgð á tjónaskráningu, uppgjöri tjóna, bótaákvörðunum, tjónaskoðun og endurmati á skráðum tjónum. Undir tjónasvið fellur einnig lögfræðiráðgjöf.

Markaðsmál og viðskiptaþróun

Sviðið ber ábyrgð á stafrænni þróun, vörustjórnun og þróun skilmála auk annarra verkefna sem snúa að þróun. Jafnframt ber sviðið ábyrgð á markaðsmálum og forvörnum.

B.1.1.3 HELSTU NEFNDIR STJÓRNKERFISINS

Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu fyrir aðalfund félagsins. Skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt. Nefndinni ber einnig að leggja mat á hvort frambjóðendur séu óháðir gagnvart félaginu eða hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Tilnefningarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum sem kjörin er af hluthöfum á aðalfundi annað hvert ár. Starfsreglur tilnefningarnefndar má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Starfskjaranefnd

Nefndin markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Stefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna og skal fylgja mannréttindastefnu félagsins ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum móðurfélags. Starfskjarastefnu má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Sjóvár er skipuð þremur nefndarmönnum. Aðalfundur tilnefnir tvo nefndarmenn og stjórn þann þriðja. Hlutverk nefndarinnar er einkum að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættustýringu og virkni innra eftirlits, jafnframt hefur nefndin umsjón með mati á innri og ytri endurskoðendum. Starfsreglur endurskoðunarnefndar má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Sjálfbærninefnd

Sjálfbærninefnd Sjóvá-Almennra trygginga hf. er starfsnefnd forstjóra félagsins sem hefur það hlutverk að styðja við og styrkja stöðu félagsins á sviði sjálfbærni og UFS þátta, þ.e. umhverfismála, félagsþátta og stjórnarháttar. Forstjóri skipar árlega nefndarmenn úr hópi starfsmanna. Þá á fulltrúi stjórnar einnig setu-, áheyrnar- og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Stefnu um sjálfbærni má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Áhættu- og öryggisnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn samstæðunnar til stuðnings við greiningu og stýringu á þeim áhættum sem félögin standa frammi fyrir. Áhættu- og öryggisnefnd hefur einnig yfirumsjón með því að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu. Nefndin skal hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis, innra eftirlit og að öryggismál séu ávallt í takti við þarfir félaganna og uppfylli lög og reglur. Nefndin rýnir áhættustefnu, ORSA stefnu, upplýsingaöryggisstefnu, upplýsingatæknistefnu, stefnu um útvistun, stefnu um gæði gagna og gæðastefnu áður en þær eru lagðar fyrir stjórn til samþykktar. Í nefndinni sitja áhættustjóri sem er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórn.

Fjárfestinganefnd

Nefndin gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu tengdri fjárfestingum. Í reglum stjórnar Sjóvár annars vegar og Sjóvá lífs hins vegar um fjárfestingastarfsemi félaganna eru skýrðar heimildir forstjóra, og framkvæmdastjóra Sjóvá lífs, til ákvarðana um fjárfestingar án fyrirfram ákveðins samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármála og upplýsingatæknisviðs, forstöðumanni fjárfestinga og staðgengli forstöðumanns fjárfestinga, fer sameiginlega með fjárfestingaumboð forstjóra. Hlutverk nefndarinnar er að hafa yfirumsjón með fjárfestingum samstæðunnar og ber nefndin ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnurnar og bera undir stjórnir til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári.

Upplýsingaöryggisnefnd

Upplýsingaöryggisnefnd Sjóvá samstæðunnar fer yfir mál tengd upplýsingaöryggi félagsins. Nefndina leiðir forstöðumaður UT sem ásamt honum er skipuð framkvæmdastjóra fjármála og upplýsingatækni, þróunarstjórar vef og SAP lausna, rekstrarstjóri UT, sem er jafnframt öryggisstjóri UT ásamt sérfræðing gæðamála hjá UT og upplýsingaöryggisfulltrúa. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári og fer yfir niðurstöður endurskoðunar og öryggisúttekta, skráningu frávika og aðra rýni tengda upplýsingaöryggi.

Persónuverndarfulltrúi

Sjóvá hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem einstaklingar geta haft samband við með öll mál er tengjast vinnslu persónuupplýsinga þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd. Að auki starfar samstarfshópur um mál er snúa að persónuvernd og álitamálum þar um er upp kunna að koma.

Útvistunarnefnd

Hlutverk nefndarinnar er að koma að forkröfum áður en til samningssambands við útvistunaraðila eða þjónustuveitenda vegna upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustu kemur og eftirliti með framvindu á hinu útvistaða verkefni eða þjónustukaupum. Í nefndinni sitja regluvörður, forstöðumaður áhættustýringar, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs og verkefnastjóri upplýsingatæknisviðs. Nefndin hittist að jafnaði mánaðarlega.

B.1.1.4 LYKILSTARFSSVIÐ

Fjögur lykilstarfssvið samkvæmt Solvency II reglugerðinni eru starfrækt en það eru áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvarsla. Einingarnar áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings og regluvarsla heyra beint undir forstjóra. Innri endurskoðun er útvistað og heyrir beint undir stjórn.

Áhættustýring

Deildin hefur yfirumsjón með samhæfðri áhættustýringu og eftirliti, sem nær til allra rekstrarþátta félaganna og tryggir viðeigandi umgjörð samhæfðrar áhættustýringar og gjaldpolsreglna. Einingin heyrir beint undir forstjóra sem tryggir sjálfstæði hennar og hefur einingin víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar. Forstöðumaður áhættustýringar ber einnig ábyrgð á mótun og verkstjórn með reglum um greiningu áhættuþátta. Hann leiðir vinnu við áhættustefnu félagsins, sem lýsir umgjörð áhættustýringar, í samstarfi við stjórnir og framkvæmdastjórn félaganna, þ.m.t. að skilgreina áhættumælikvarða og þolmörk með stjórnnum. Einnig leiðir hann áhættu- og öryggisnefnd sem m.a. mótar áhættustefnu félaganna og endurskoðar hana. Nefndin hefur eftirlit með að reglum um áhættustýringu sé framfylgt og ber ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi aðgerða. Forstöðumaður áhættustýringar ber ábyrgð á eftirliti með áhættustefnum. Auk þeirra krafna um hæfi og hæfni sem getið er í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi er gerð krafa um víðtæka þekkingu áhættustjóra á áhættustýringu og umtalsverða reynslu af störfum á sviði áhættustýringar.

Starfssvið tryggingastærðfræðings

Tryggingastærðfræðingur ber meðal annars ábyrgð á útreikningi á váttryggingaskuld. Eftirfarandi þættir eru á starfssviði tryggingastærðfræðings auk ofangreinds; mat á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninga á váttryggingaskuld, upplýsingar til stjórnar um áreiðanleika váttryggingaskuldar, álit tryggingastærðfræðings á áhættutöku félaganna vegna váttrygginga, álit á endurtryggingavernd félaganna, ábyrgð á útreikningi gjaldspolskröfu SCR og hann gætir að samkvæmni sé á milli gjaldpolskröfu og yfirfærslu váttryggingaáhættu. Þá eru skýrslur til Fjármálaeftirlitsins á ábyrgð hans sem og skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samvinnu við áhættustýringu.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er útvistað. Stjórnir Sjóvár og Sjóvá lífs ráða innri endurskoðanda og endurskoðunarnefnd metur óhæði hans og hefur eftirlit með störfum hans. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er virðisaukandi og bætir rekstur félaganna. Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi Sjóvár sem tryggir að hann nái markmiðum endurskoðunar. Innri

endurskoðandi fer yfir niðurstöður sínar á fundi með stjórnendum annars vegar og endurskoðunarnefnd og stjórn hins vegar. Formaður endurskoðunarnefndar er ábyrgðarmaður vegna útvistunar.

Regluvarsla

Regluvarsla ber ábyrgð á að fylgjast með og meta reglulega stefnur, verkferla og verklagsreglur Sjóvá sem miða að því að félögin, stjórnir og starfsmenn þess starfi í samræmi við lög, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Regluvörður metur áhrif lagabreytinga á starfsemi félaganna og veitir ráðgjöf til stjórna og starfsmanna. Forstjóri skal ráða regluvörð og skal stjórn samþykkja ráðningu hans og er hann sjálfstæður í störfum sínum. Regluvörður mótar og viðheldur hlítningarstefnu ásamt því að greina og meta hlítningaráhættu. Hann ber ábyrgð á eftirliti með hlítningaráhættu og að hún sé auðkennd og metin innan félaganna. Þá hefur hann umsjón með því að reglum félagsins um viðskipti aðila á innherjalista og meðferð innherjaupplýsinga sé framfylgt og að eftirfylgni sé í samræmi við lög um aðgerðir gegn markaðssvikum og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Innri endurskoðandi skal hafa eftirlit með störfum regluvarðar.

B.1.2 HELSTU BREYTINGAR Á STJÓRNKERFI

Á árinu 2025 tók Steinunn Guðjónsdóttir við af Hermann Björnssyni sem framkvæmdastjóri Sjóvá líf og á sama tíma tók Þórir Óskarsson við starfsviði tryggingastærðfræðings af Steinunni. Þá tók Ásta Björg Ingadóttir við nýju hlutverki sem forstöðumaður Tekjustýringar, sem er ný eining á Sölu og ráðgjafasviði Sjóvá og kemur í staðinn fyrir stofnstýringu. Að auki tók Ásdís Hrund Gísladóttir við starfi áhættustjóra í apríl 2025.

B.1.3 STARFSKJARASTEFNA

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu félagsins sem kveður á um að starfsfólk skuli fá greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf, óháð kyni. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Starfskjarastefnu má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfsins og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Við gerð ráðningarsamnings skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal sérstaklega færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundum ásamt röksemdum.

Starfskjör

Starfskjör allra starfsmanna skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur. Einungis er heimilt að gera sérstakan starfslokasamning við æðstu stjórnendur og gilda sömu skilyrði og hjá forstjóra, eins og kemur fram hér að ofan.

Í árslok 2025 áttu forstjóri og framkvæmdastjórar félagsins 1.724 þús. hluti í félaginu og hlutafé í Sjóvá í eigu stjórnarmanna og tengdra aðila voru 38.681 þús. hlutir.

Breytileg starfskjör – árangurstengdar greiðslur

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur, kaupauka, sem stjórnin samþykkir að fengnu áleti starfskjaranefndar. Með kaupauka er átt við greiðslur og hlunnindi til starfsmanns, meðal annars reiðufé, sérstakar lífeyrisgreiðslur og kaupréttir, tengdum fyrir fram ákveðnum og mælanlegum árangursviðmiðum að teknu tilliti til heildarafkomu og framtíðarstefnu váttryggingafélagsins yfir lengri tíma, undirliggjandi áhættu og fjármagnskostnaðar þess. Greiðslan er ekki þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Einungis er um að ræða heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka. Kaupauki til starfsmanna og stjórnenda skal uppfylla kröfur 51. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi og skal samtala veitts kaupauka til starfsmanns, þ.m.t. á grundvelli kaupréttar, á ársgrundvelli ekki nema hærri fjárhæð en 25% af árslaunum viðkomandi án kaupauka. Félaginu er óheimilt að veita lán eða ábyrgðir af nokkru tagi í tengslum við úthlutun kaupauka.

Kaupréttaráætlanir

Félaginu er heimilt að setja á stofn kaupaukakerfi í formi kaupréttar sem hafi það að markmiði að tengja hagsmuni starfsmanna félagsins við hluthafa, auk þess að hjálpa til við að laða að hæft starfsfólk og auka tryggð innan félagsins við afkomu og langtímamarkmið félagsins og hluthafa þess. Í því skyni hefur félagið sett sér kaupréttaráætlun sem uppfyllir skilyrði 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og 51. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Var það gert á árinu 2024, í samræmi við heimild aðalfundar félagsins þann 7. mars 2024. Stjórn er heimilt að útfæra frekari kaupréttaráætlanir og kaupréttarsamninga á grundvelli mælikvarða um árangur fyrir stjórnendur og aðra starfsmenn sem skal lögð fyrir hluthafafund félagsins til samþykktar. Slíkar kaupréttaráætlanir og kaupréttarsamningar gerðir á grundvelli þeirra skulu almennt miða við að fjárhagslegir mælikvarðar um árangur (s.s. um arðsemi eiginfjár félagsins, eiginfjárlutfall, samsett hlutfall, lausafjárlutfall og annan rekstrarárangur) vegi um 50%, en um 50% ráðist af stefnumarkandi markmiðum í rekstri félagsins, s.s. fylgni við lög og reglur, kostnaðarvitund, umbótavilja, ánægju viðskiptavina og áhættuvitund starfsmanns.

B.1.4 VEIGAMIKIL VIÐSKIPTI (LYKILSTARFSMANNA OG STJÓRNAR)

Utan kaupréttarsamninga til starfsmanna voru viðskipti við tengda aðila hjá félaginu, þ.e. við hluthafa með veruleg áhrif, dótturfélög, stjórnarmenn, lykilstjórnendur og félög

í þeirra eigu, ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum, eru einungis tryggingaviðskipti. Viðskipti við þessa tengdu aðila eru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila og eru ekki veigamikil. Í heildina eru tekjur vegna tengdra aðila 435 m.kr. og gjöld 601 m.kr. vegna ársins 2025.

B.2 Kröfur um hæfi og hæfni

B.2.1 KRÖFUR UM FÆRNI, ÞEKkingu OG SÉRFRÆÐIKUNNÁTTU

Kröfur eru gerðar um færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu þeirra er stjórna fyrirtækinu og ábyrgðarmanna lykilstarfssviða þess. Fyrir ráðningu í starf eru skilgreindar kröfur um viðeigandi menntun og reynslu og lagt mat á færni sem fram kemur í ferilskrá viðkomandi. Leitast er við að senda aðila í persónuleikapróf og hæfnismat eftir því sem við á ásamt því að kanna umsagnir meðmælenda. Fyrir upphaf starfstíma skulu aðilar skila inn staðfestingu á menntun og sakavottorði.

B.2.1.1 MAT TILNEFNINGARNEFNDAR

Tilnefningarnefnd fór yfir lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn Sjóvá, sem nefndin hafði áður skilgreint. Í kjölfarið lagði hún mat á þekkingu og hæfni frambjóðenda út frá lykilhæfniramma sem sjá má í töflu B.1.

Lykilhæfni og þekking	Grunnhæfni	Persónuhæfni	Áherslur
Stjórnunarreynsla í stórum fyrirtækjum	Rekstrarþekking	Gott siðferði	Áhersla á langtíma-ávinning hluthafa
Reynsla af tryggingamarkaði	Fjármálaþekking	Framsýni	Áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika
Reynsla af fjármálamarkaði	Lögfræðiþekking	Geta til að taka erfiðar ákvarðanir	
Reynsla af áhættustjórnun	Stjórnunarþekking	Ákveðni	
Sérþekking á lögum	Tækniþekking	Góður liðsmaður	
Reynsla og skilningur á markaðsmálum	Endurskoðun	Samstarfshæfni	
Reynsla af langtíma stefnumótun		Setur fyrirtækið í forgang	
Reynsla af stjórnarsetu		Hæfni til að spyrja réttu spurninganna	

Tafla B.1: Lykilhæfni og þekking stjórn Sjóvá.

Við mat á tilnefningum til stjórnar horfir tilnefningarnefnd til þess að stjórnin myndi sterka og faglega heild í þágu félagsins og hluthafa þess. Æskilegt er að einstakir stjórnarmenn búi að þekkingu og hæfni á sem flestum ofangreindum sviðum og að sem flestir þættir endurspeglir í sitjandi stjórn. Aðrir þættir s.s. þekking á starfsemi félagsins, samfella í stjórnun, aðstaða frambjóðenda til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem stjórnarseta felur í sér, kynjahlutföll, aldursdreifing og fleiri þættir komu einnig til skoðunar við gerð endanlegrar tillögu tilnefningarnefndar.

B.2.2 LÝSING Á FERLI TIL AÐ META HÆFI OG HÆFNI

Auk fyrrnefndra krafna í B.2.1 hefur Sjóvá sett fram hæfismat fyrir ábyrgðarmenn lykilstarfssviða sem byggir í grunninn á sömu efnispáttum og teknir eru fyrir í mati Fjármálaeftirlitsins á hæfi forstjóra váttryggingafélaga. Er tilgangur hæfismatsins jafnframt sá hinn sami, þ.e. að kanna þekkingu, skilning og viðhorf til helstu efnisatriða sem tengjast starfssviði viðkomandi lykilstarfsmanns. Fjármálaeftirlitið metur hæfi forstjóra, framkvæmdastjóra Sjóvá líf og stjórnarmanna. Árlegt mat er framkvæmt á hæfi forstjóra og formanna stjórna af hálfu stjórna. Stjórnir framkvæma árlega mat á eigin störfum.

B.3 Áhættustýring og eigið áhættu- og gjaldþolsmat


B.3.1 ÁHÆTTUSTÝRINGARKERFI FÉLAGSINS

Áhættustefna lýsir umgjörð samhæðrar áhættustýringar hjá móðurfélaginu Sjóvá og hjá dótturfélaginu Sjóvá líf. Áhættustefnan er sett í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Stefnan er rýnd árlega og var núverandi stefna samþykkt af stjórn móðurfélags í desember 2025 og stjórn Sjóvá lífs í janúar 2026. Samhæfð áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfi og felur í sér sjálfsmat á öllum fyrirsjáanlegum áhættum starfseminnar. Samhæfð áhættustýring er höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku og hefur verklag verið innleitt til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðjað geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félögin, viðskiptavinum og váttryggðum.

Áhættustýring nær yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru við útreikning á gjaldþolskröfu; váttryggingaáhættu, áhættu við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhættu, lausafjáráhættu, samþjöppunaráhættu, rekstraráhættu, eiginfjáráhættu og áhættu vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Í útreikningi á gjaldþolskröfu er jafnframt tekið tillit til tapgleypni frestaðra skatta.

Félögin hafa skilgreint ábyrgðaraðila og áhættumælikvarða fyrir einstaka áhættuþætti ásamt áhættuvilja og þolmörk fyrir mælikvarðana. Áhættuvilji segir til um hvar eftirsóknarvert sé að félögin standi en þolmörk segja til um hvar fullnægjandi er að félögin standi. Ef mæling reynist umfram þolmörk skal forstöðumaður áhættustýringar eða áhættu- og öryggisnefnd upplýst um það. Frávik frá áhættustefnu skulu kynnt stjórn á næsta stjórnarfundum nema frávik á rekstrarhæfi félaganna sem skulu tilkynnt stjórnnum tafarlaust. Lögð er rík áhersla á ábyrgð stjórnenda á áhættum sem tengjast þeirra ábyrgðarsviði. Þá kemur forstöðumaður áhættustýringar reglulega fyrir stjórnir til að fjalla um starfsemi áhættustýringar, áhættuskýrslu og eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA).

Forstöðumaður áhættustýringar og tryggingastærðfræðingur hafa eftirlit með Solvency II tilskipuninni hjá Sjóvá. Forstöðumaður áhættustýringar leiðir áhættustýringu og hefur eftirlit með samhæfðri áhættustýringu og áhættumælingum og að unnið sé í samræmi við áhættustefnu. Hann ber einnig ábyrgð á skýrslugjöf til stjórnar varðandi áhættustýringu. Þá ber forstöðumaður áhættustýringar ábyrgð á ORSA og hefur eftirlit



Mynd B.2: Áhættustefnur

með að framkvæmdar séu áhættugreiningar á öllum þáttum í starfseminni.

Áhættu- og öryggisnefnd endurskoðar reglulega uppbyggingu áhættustýringar, yfirfer helstu áhættur með ábyrgðaraðilum og tekur ákvörðun um umfang endurtrygginga-verndar.


Áhættustýring hefur eftirlit með hlítingu fjárfestingastefna en þær ramma inn þær fjárfestingaheimildir sem stjórnir hafa sett. Ársfjórðungslega er lagt mat á gjaldþol en oftast ef þörf krefur. Í reglum um fjárfestingastarfsemi og fjárfestingarstefnum er skilgreint í hvaða tilfellum það er.

Félögin hafa komið upp verklagi sem tryggir að stjórnendur og starfsmenn fái þjálfun í að þekkja áhættur sem geta haft áhrif á rekstur, viðskiptavinum og vátryggðum. Þetta verklag segir jafnframt til um hvernig skuli tilkynna, skrá, meta, mæla, stýra og/eða milda þær áhættur sem um ræðir og víxl tengsl milli þeirra. Einnig leggur framkvæmdarstjórn mat á þær áhættur sem skipta reksturinn hvað mestu máli og eru stærstar á líðandi stundu, svokallaðar ORSA áhættur.

B.3.2 EIGIÐ ÁHÆTTU- OG GJALÐPOLSMAT

Að minnsta kosti árlega er framkvæmt eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) til að greina og meta áhættur félagsins og til að meta virkni áhættustýringar og gjaldþolskröfu, bæði núverandi sem og sýn til framtíðar. Matið er einnig framkvæmt við stórfelldar breytingar eða þegar nýjar áhættur yfir ákveðnu umfangi greinast eða skapast í rekstri eða starfsemi. Í stefnu stjórnar um ORSA kemur fram að fari gjaldþolshlutfall undir skilgreindan áhættuvilja stjórnar þá skuli fara fram nýtt áhættu- og gjaldþolsmat.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar er stillt upp efnahagsreikningi sem lýsir sýn Sjóvár til fimm ára. Niðurstaðan er kynnt stjórn til samþykktar og liggur því til grundvallar stefnumótunar. Stjórn og framkvæmdastjórn koma að yfirferð og mati á stærstu



Mynd B.3: Áhættustýring - verklag og nefndir

áhættum og er markvisst unnið að því að tilgreina, meta og mæla þær áhættur sem félagið samþykkir.

Gjaldpolskröfur Sjóvár og Sjóvá lífs eru reiknaðar samkvæmt svokallaðri staðalreglu sem gefin er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pension Authority) og lagt mat á hve vel reglan á við starfsemi og áhættusnið. Markmiðið er að leggja mat á hvort reiknað heildargjaldpol sé nægilegt miðað við undirliggjandi áhættur. Á heildina litið telja félögin staðalregluna lýsandi fyrir áhættusnið samstæðunnar þó ákveðnir þættir séu kannaðir sérstaklega. Í eigin áhættu- og gjaldpolsmati eru þeir þættir útlistaðir og eigið mat á gjaldpolskröfunni birt. Félögin meta niðurstöðu beggja útreikninga en styðjast við niðurstöður staðalreglunnar. Heimilt er skv. 104. gr. laga nr. 100/2016 að nota eigið líkan telji Sjóvá áhættusnið víkja verulega frá staðalreglunni. Ekki eru áform um hjá Sjóvá að sækja um eigið líkan.

B.4 Innra eftirlit hjá Sjóvá og regluvarsla

B.4.1 INNRA EFTIRLITSKERFI

Innra eftirlitskerfi Sjóvár er ferli sem mótað er af stjórn, stjórnendum og starfsmönnum. Komið hefur verið á virku innra eftirlitskerfi sem á að veita hæfilega vissu um að félögin nái settum markmiðum sínum, bæði fjárhags- og stjórnunarlegum, að veittar séu réttar og áreiðanlegar fjárhags- og ófjárhagslegar upplýsingar á réttum tíma og að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir og innri reglur. Árlega er rýnd stefna um innra eftirlit, nú síðast í október 2025. Innra eftirlitskerfið skiptist í eftirlitsumhverfið, áhættumat, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti og stjórnendaeftirlit.


Þriggja þrepa líkan hefur verið innleitt með það að markmiði að hjálpa félaginu að

ná settum markmiðum, stuðla að sterkri stjórnsýslu og áhættustýringu og tryggja skilvirk samskipti.

Fyrsta þrep samanstendur af stjórnendum og almennu starfsfólki sem sér um daglegan rekstur. Fyrsta þrep er ábyrgt fyrir daglegri starfsemi, mati á áhættu, fylgni við lög og reglur, framkvæmd innra eftirlits og stýringu áhættu byggðri á stefnum og verklagsreglum og tryggir hún fylgni við lög, reglur og innri stefnur félagsins. Því er ætlað að koma á og viðhalda viðeigandi skipulagi og ferlum fyrir stjórnun á rekstri og áhættu, þ.m.t. innra eftirliti og stýringu fjármagns til að ná settum markmiðum.

Annað þrep samanstendur af eftirlitseiningunum áhættustýringu, regluvörslu og starfssviði tryggingastærðfræðings ásamt innri úttekta. Það aðstoðar við áhættumat og mótun innra eftirlitskerfis félagsins og er hlutverk þess stuðningur og eftirlit með fyrsta þrepi, m.a. að farið sé að stjórnvaldsfyrirmælum og innri stefnum.

Að lokum er þriðja og síðasta þrep og undir það fellur innri endurskoðandi, sem er sjálfstæður og óháður í störfum sínum. Mikilvægt er að öll þrjú þrepin vinni þétt saman sem skapar skilvirkt eftirlitskerfi og stjórnkerfi. Líta má svo á að ytri endurskoðandi og vottunaraðilar séu hluti af svokallaðri fjórða þrepi, þar sem það er ekki hluti af innra eftirlitinu, en gegnir samt sem áður mikilvægu hlutverki fyrir félagið.



Mynd B.4: Þriggja þrepa líkan

Eftirlitskerfið samanstendur af stefnum, ferlum og öðrum gæðaskjölum félaganna. Það byggir meðal annars á samtímaeftirliti, skráningu og meðhöndlun á áhættum, ábendingum, áhættugreiningum, úrbótaverkefnum, sem og athugasemdum innri úttekta,

endurskoðenda og annarra eftirlits- og úttektaraðila. Reglulega er farið yfir skráningar í kerfinu í áhættu- og öryggisnefnd. Þessi atriði geta orðið hluti af þeim áhættum sem félögin telja vera helstu áhættur. Endurskoðunarnefndir hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlitsins. Innri endurskoðendur framkvæma endurskoðun og úttektir til að tryggja hæfilega vissu um að félögin nái árangri og skilvirkni í starfseminni. Innri úttektir eru framkvæmdar af starfsmönnum sem hafa fengið sérstaka þjálfun til þess. Tilgangur innri úttekta er að sannreyna hvort að unnið sé eftir skráðum stefnum, reglum og verkferlum.

Í gegnum gæðakerfi hefur Sjóvá innleitt skilvirkt stjórnkerfi sem inniheldur skráð verklag og skýra skiptingu ábyrgðar. Gæðakerfið gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu. Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsmenn fylgi skráðu verklagi í gæðakerfinu en áhersla er lögð á að hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu og upplýsingaöryggi. Öll skjöl í gæðakerfinu hafa ábyrgðaraðila sem skal rýna þau árlega. Fylgst er með framkvæmd verklags í reglulegum innri úttektum sem og í innri og ytri endurskoðun. Gæðastjóri ber ábyrgð á því að gæðakerfið sé virkt og sé áreiðanlegur vegvísir fyrir starfsfólk.

B.4.2 REGLUVARSLA

Regluvörður hefur eftirlit með skráningu á innherjalista og meðferð innherjaupplýsinga. Einnig hefur regluvörður eftirlit með skráningu á lista yfir einstaklinga sem gegna stjórnunarstöðu eða aðila nákomna þeim, móttækur tilkynningar um viðskipti þessara aðila og ber ábyrgð á að upplýsingar um viðskipti þeirra séu gerðar opinberar. Regluvörður skráir samskipti sem fara fram á grundvelli laga um aðgerðir gegn markaðssvikum í samskiptaskrá, auk þess sem hann sér reglulega um fræðslu til stjórnarmanna, stjórnenda og starfsmanna félagsins. Hann hefur eftirlit með breytingum á almennum lögum og reglum er varðar starfsemina. Mótuð og innleidd hlítingarstefna og -áætlun eru til staðar. Nánar er fjallað um starfssvið regluvörslu í kafla [B.1.1.4](#).

B.5 Starfssvið innri endurskoðanda

Stjórnir Sjóvár og Sjóvá lífs ráða innri endurskoðanda en endurskoðunarnefndir meta óhæði hans og hafa eftirlit með störfum hans, en starfssviðið heyrir beint undir stjórn. Félögin tryggja að innri endurskoðandi sinni ekki öðrum störfum tengdum rekstri félaganna og að hann sé ekki undir ótilhlýðilegum áhrifum annarra starfssviða, þ.m.t. lykilstarfssviða, en þetta er m.a. tryggt með útvistun starfssviðs. Við endurskoðun og við mat og upplýsingagjöf á niðurstöðum endurskoðunar, tryggja félögin að innri endurskoðandi sé ekki háður áhrifum stjórnar eða framkvæmdastjórnar sem getur skert sjálfstæði og óhlutdrægni hans. Árlega leggur innri endurskoðandi fram endurskoðunaráætlun til samþykktar af endurskoðunarnefndum og stjórnunum en áætlunin er hluti af þriggja ára endurskoðunaráætlun. Notast er við áhættumiðaða nálgun við ákvörðun um forgangsörðun. Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi samstæðunnar sem tryggir að hann nái markmiðum endurskoðunar. Innri endurskoðandi hefur samskipti við ytri endurskoðanda og fær ytri endurskoðandi

aðgang að skýrslum innri endurskoðanda þegar niðurstöður liggja fyrir. Helstu verkefni innri endurskoðunar er að greina og meta hvort eftirlitsferlar eða -kerfi séu viðeigandi og skilvirk. Skýrslur innri endurskoðanda eru kynntar stjórnendum, afhentar og kynntar endurskoðunarnefndum til umsagnar áður en þær eru kynntar stjórnnum. Innri endurskoðandi fundar reglulega með forstjóra, endurskoðunarnefndum og stjórnnum. Árlega er haldinn sérstakur fundur þar sem stjórn, endurskoðunarnefnd og ytri og innri endurskoðendur fjalla um innra eftirlit og áhættustýringu.

B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings

Helstu verkefni tryggingastærðfræðings eru útreikningur vátryggingaskuldar, útreikningur á gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni, gæði gagna, skýrsluskil til Fjármálaeftirlitsins, aðkoma að eigið áhættu og gjaldþolsmati í samvinnu við áhættustjóra auk þess að gefa álit á áhættutöku og endurtryggingavernd.

B.7 Útvistun

Í samræmi við útvistunarstefnu skal ávallt metið hvort verkefni eða þjónusta geti talist útvistun eða ekki. Við slíkt mat er m.a. litið til þess hvort þjónusta eða verkefni, í heild eða að hluta, sem unnið er af þjónustuveitanda sé framkvæmt með reglubundnum eða viðvarandi hætti. Lagt er mat á hvort þjónusta eða verkefni falli að jafnaði innan verksviðs Sjóvá óháð því hvort að félagið hafi veitt viðkomandi þjónustu eða unnið verkefnið áður. Fyrirfram mat er lagt á hvort að um útvistun á mikilvægu verkefni sé að ræða. Kaup á hugbúnaðarleyfum flokkast ekki sem útvistun.

Til mikilvægra útvistunarverkefna samkvæmt stefnu Sjóvá flokkast:

- Lykilstarfsvið fyrirtækis, t.a.m. eigna- og áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfssvið tryggingastærðfræðings.
- Önnur verkefni sem eru nauðsynleg til að félagið geti tryggt rekstrarsamfellu og/eða uppfyllt skyldur samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum.
- Verkefni sem hafa veruleg áhrif á áhættustýringu og fjárhagslega afkomu Sjóvár.
- Önnur starfsemi sem krefst starfsleyfis.

Sjóvá útvistar verkefnum ef það er talið leiða til eins eða fleiri eftirtalinna þátta: minni áhættu, aukins öryggis, lægri kostnaðar eða aukinna afkasta.

Útvistun tekur mið af innri stefnum Sjóvá, sérstaklega upplýsingatæknistefnu, upplýsingaöryggisstefnu og áhættustefnum.

Sjóvá tekur tillit til þess að útvistun komi ekki í veg fyrir góða stjórnarhætti og að útvistun feli ekki í sér óþarfa áhættu fyrir rekstur félagsins, þ.á.m. orðspors- og samþjöppunaráhættu. Jafnframt er hugað að hugsanlegum hagsmunaaárekstrum við þjónustuaðila.

Sjóvá metur áhættu af fyrirhugaðri útvistun þjónustu eða verkefna á grunni undirbyggjandi rekstraráhættu sem leiðir af eðli, umfangi, mikilvægi og nauðsyn þjónustunnar eða verkefnisins og skal fara fram að teknu tilliti til eðli, umfangs, flækjustigs, mikilvægis og áhrifa á fjarskipta- og upplýsingatækniáhættu í rekstri félagsins. Við slíkt mat skal horft til þess hvort útvistun kunni að leiða til hagsmunaárekstra. Mat skal endurskoða ef upp koma alvarlegir ágallar á virkni útvistaðra verkefna eða upplýsingar um verulegar breytingar á þjónustu eða högum þjónustuveitenda.

Sjóvá leitast ávallt við að tryggja að þjónustuveitandi sem tekur að sér verkefni og starfsmenn hans sinni störfum sínum af heilindum, hafi næga sérþekkingu, menntun og reynslu til þess að geta sinnt verkefnunum á fullnægjandi hátt.

Forstjóri og framkvæmdastjórar geta tekið endanlega ákvörðun um útvistun verkefna og skulu allir samningar sem tengjast útvistun yfirfarnir og undirritaðir af forstjóra eða framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á þeim verkefnum sem verið er að útvista.

Eftirfarandi mikilvægum verkefnum hefur verið útvistað: innri endurskoðun, hýsingu og grunnrekstri upplýsingakerfa, almennum grunnrekstri SAP, milliinnheimtu vanskilakrafna og samskiptaforriti. Hjá Sjóvá líf er allri almennri starfsemi útvistað til móðurfélagsins. Öll útvistun á mikilvægri starfsemi og verkefnum er innan íslenskrar lögsögu.

B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi

Sjóvá telur að stjórnkerfið sé virkt og fullnægjandi, miðað við eðli, umfang og flækjustig þeirrar áhættu sem fylgir rekstri félagsins, og er það mat í samræmi við niðurstöður innri úttekta sem framkvæmdar eru reglulega sem og árlegra úttekta innri og ytri endurskoðenda.

Ekki er um aðrar veigamiklar upplýsingar um stjórnkerfi að ræða en þær sem fram koma í köflum B.1-B.7.

C Áhættusnið

C.1 Samantekt áhættusniðs

Áhættustefna lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., móðurfélaginu, og hjá dótturfélaginu Sjóvá-Almennum líftryggingum hf. Áhættustefnan var sett saman í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Stefnan er rýnd árlega og var núverandi stefna samþykkt af stjórn móðurfélags í desember 2025 og stjórn Sjóvá lífs í janúar 2026.

Auk áhættustefnu hafa verið settar stefnur fyrir helstu áhættuþætti en þeir eru váttryggingaáhætta, áhætta við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhætta, lausafjáraáhætta, samþjöppunaráhætta, rekstraráhætta og önnur veigamikil áhætta, eiginfjáraáhætta og áhætta vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Félögin hafa skilgreint ábyrgðaraðila og stýringar fyrir einstaka þætti sem skilgreindir eru í viðeigandi stefnum.

Framkvæmdastjórn mótar og samþykkir reglulega mælikvarða sem fylgjast skal með sem tryggja hlítinu við áhættustefnu félaganna. Einnig er samþykkt hversu oft skal framkvæma mælingar fyrir hvern mælikvarða og hvaða aðili framkvæmdastjórnar ber ábyrgð á því að haldið sé utan um mælingar. Framkvæmdastjórn skilgreinir þolmörk fyrir þá mælikvarða sem við á, en aðrir mælikvarðar eru frekar ætlaðir til þess að fylgjast með þróun milli tímabila. Þolmörk skulu sett með tilliti til þess hvað framkvæmdastjórn telur starfsemina þola, þ.e. hvenær talin er ástæða til að flagga í áhættuskýrslu til stjórnar. Mótun þolmarka tekur mið af skilgreindum áhættuvilja sem lýsir vilja stjórnenda til áhættutöku til að ná markmiðum félaganna.

Ef niðurstöður mælinga leiða í ljós að mælikvarði liggur utan þolmarka ber að upplýsa áhættustjóra og/eða áhættu- og öryggisnefnd félagsins. Áhættustjóri tilkynnir stjórn frávikið strax eða í síðasta lagi í næstu ársfjórðungslegu áhættuskýrslu.

Í áhættuskýrslu sem er gefin út ársfjórðungslega og kynnt stjórnnum má finna mælikvarða sem taldir eru endurspegla þróun áhættu félagsins.

C.2 Váttryggingaáhætta

C.2.1 VEIGAMIKILIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættan sem felst í hverjum váttryggingasamningi samanstendur af áhættu á að váttryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónafjárhæð. Félögin hafa skilgreint váttryggingaáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á virði váttryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á váttryggingaskuld. Markmiðið með stefnu um váttryggingaáhættu er að meta áhættu vegna sölu váttrygginga og meðhöndlunar tjóna á hlutlægan og samræmdan máta og ná áætlun samstæðunnar um afkomu. Helstu áhættuþættir váttryggingaáhættu eru sala váttrygginga og áhættumat, vörubrúun og verðlagning, afgreiðsla tjóna og mat á váttryggingaskuld.

Áhætta við sölu váttrygginga og áhættumat

Áhættan við sölu er að ófullnægjandi áhættumat liggi til grundvallar þannig að verðlagning sé ekki í samræmi við áhættutöku. Einnig er hættu á að skráðu verklagi og verðstefnu sé ekki fylgt, sem og að misræmi sé á milli skilmála og þeirrar vöru sem viðskiptavinur telur sig vera að kaupa.

Áhætta vegna vöruþróunar og verðlagningar

Áhættan við vöruþróun og verðlagningu er að iðgjaldaskrá og verðstefna endurspegli ekki váttryggingalega áhættu.

Áhætta vegna afgreiðslu tjóna

Áhættan við afgreiðslu tjóna er að bótaskylda sé ranglega ákvörðuð eða rangar bótafjárhæðir greiddar.

Áhætta vegna mats á váttryggingaskuld

Áhættan við váttryggingaskuld er að besta mat váttryggingaskuldar sé ófullnægjandi.

C.2.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Áhætta við sölu váttrygginga og áhættumat

Allir sem selja vörur félaganna skulu fylgja skráðu verklagi við sölu og ráðgjöf og tryggja þar með rétt og samræmd vinnubrögð. Áhættumat er lagt til grundvallar nýsölu. Verðlagning miðast við gögn um tjónasögu og skal fylgja verðstefnu.

Áhættunni er stýrt með ferlum sem fylgja ber í sölu á tryggingum og því áhættumati sem þar kemur fram. Helsta áhættan er að ekki reynist mögulegt að ná fullnægjandi iðgjöldum vegna markaðsaðstæðna eða vegna þess að mat á nægjanlegu iðgjaldi er ekki rétt.

Áhættan er takmörkuð með því að kaupa endurtryggingar á þeim áhættum sem metnar eru stærstar hjá félaginu. Ef tjónatíðni er vanmetin mun það koma niður á afkomu félagsins en endurtryggingavernd félagsins miðar að því að minnka tjónakostnað félagsins í stórum tjónum en tekur almennt ekki á tjónatíðni.

Áhætta vegna vöruþróunar og verðlagningar

Til að tryggja rétta verðlagningu er reglulega fylgst með afkomu einstakra váttryggingagreina. Ef afkoma er ófullnægjandi eða tekur miklum breytingum er gerð ítarleg afkomugreining. Iðgjaldaskrár eru metnar og endurskoðaðar eftir þörfum með hliðsjón af fyrirliggjandi afkomugreiningum og er verðstefna byggð á niðurstöðum þeirra greininga. Leitast er við að tryggja að gæði gagna sem lögð eru til grundvallar séu heildstæð, nákvæm og viðeigandi og í samræmi við stefnu þar um. Gerð og uppfærsla skilmála fylgir skráðu verklagi. Við vöruþróun og verðlagningu þar sem félögin hafa takmarkaða tjónareynslu og upphæðir eru háar, er leitast við að nota endurtryggingar til áhættumildunar og fyrir ráðgjöf við hönnun/verðlagningu vörunnar.

Helstu áhættuþættir í verðlagningu er mat á væntu meðaltjóni, tjónatíðni eða samþjöppun áhætta. Rangt mat á væntu meðaltjóni getur m.a. stafað af breyttri tækni, breyttri samsetningu tjóna eða röngum verðbólguforsendum. Vanmat á tjónatíðni

getur orsakast af breyttu umhverfi, tæknibreytingum eða breytingum á efnahagslegum aðstæðum. Samþjöppunaráhætta getur stafað af einum atburði t.d. heimsfaraldri, ofsavæðri eða stórbruna.

Árlega ber forstöðumaður tekjustýringar ábyrgð á að fara yfir þær vátryggingategundir sem í gildi eru og meta hvort þörf sé á afkomugreiningu. Þörfin getur ýmist komið vegna þróunar á afkomu eða vísbendingar í þá átt eða vegna ábendinga frá söluaðilum eða starfsmönnum tjónadeildar. Þá berast iðulega óskir um afkomugreiningu vegna hugmynda um vöruþróun, tjónaþróunar eða annarra atriða sem hafa áhrif á afkomu greinanna.

Áhætta vegna afgreiðslu tjóna

Til að tryggja að greidd tjón séu í samræmi við skilmála og að tjónakröfur séu afgreiddar innan settra tímamarka, skulu allir sem afgreiða tjón fylgja skráðu verklagi um skráningu tjóna, móttöku tjónstilkynninga, mati á bótaskyldu og bótafjárhæðum. Í siðareglum félagsins er m.a. kveðið á um að starfsfólk eigi ekki að afgreiða sig sjálft vegna eigin viðskipta, náninna skyldmenna eða vina.

Áhættan við ófullnægjandi mat á vátryggingaskuld

Helstu áhættuþættir við mat á vátryggingaskuld eru breytingar á uppgjöri og afgreiðslu tjóna, lagalegur ágreiningur sem breytir uppgjörsaðferðum og áhrif vaxtabreytinga og verðbólgu á greinar sem hafa langan uppgjörstíma (e. long-tail). Þar ber helst að nefna lögboðnar ökutækjatrýggingar, ábyrgðartryggingar og atvinnuslysatrýggingar. Mótvægi við hækkun tjónaskuldar vegna vaxta- og verðbólguáhrifa eru milduð með fjárfestingum í verðtryggðum eignum.

Vátryggingaskuld skiptist upp í tjónaskuld, iðgjaldaskuld og ágóðahlutdeild.

Tjónaskuld

Tjónaskuld er reiknuð ársfjórðungslega. Heildarskuld er reiknuð niður á Solvency flokka og farið yfir þróun áætlana og greiðslna þess á milli. Niðurstaðan er borin saman við greidd tjón og áætlun tjónadeildar eftir hagnaðarstöðvum og tjónsárum.

Iðgjaldaskuld

Í ársfjórðungslegum útreikningi á gjaldþolskröfu (SCR) eru væntar skuldbindingar vegna bókaðra iðgjalda sem tekjufærast eftir uppgjörsdag reiknaðar samkvæmt reglum Solvency II. Þær skuldbindingar eru einungis notaðar í SII efnahagsreikningi sem er grunnur að gjaldþoli.

Ágóðaskuld

Í ágóðaskuld er áætluð stofnendurgreiðsla. Hluti iðgjalda er færður í ágóðaskuld og kemur til greiðslu 13 mánuðum síðar til tjónlausra viðskiptavina.

C.2.3 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Uppsöfnun tjóna tengt einum atburði getur verið mikil og orsakað stórtjón. Endurtryggingavernd félaganna miðar að því að lágmarka tjón í hluta félaganna og kaup á

endurtryggingavernd gegn stórtjónum í öllum váttryggingaflokkum. Atburður sem getur valdið stórtjóni er t.d. ofsavæður á öllu landinu, heimsfaraldur eða stórslys.

Samþjöppun getur einnig átt sér stað ef fleiri en ein áhætta kemur fyrir á einum stað eins og t.d. í eignatryggingum. Ef samanlögð váttryggingafjárhæð (samáhætta) í brunatryggingu, lausafjárryggingu, og/eða rekstrarstöðvunartryggingu fer yfir ákveðið hámark skal fara fram sérstök áhættuskoðun.

Til viðbótar við ofangreinda endurtryggingavernd er keypt vernd fyrir skilgreindan 200 metra atburð samkvæmt Solvency II. Sá atburður miðast við stórbruna þar sem tiltekin er hæsta samanlagða váttryggða fjárhæð sem félagið er berskjaldað fyrir og rúmast innan 200 metra geisla miðað við gefna staðsetningu.

Í persónutjónum er keypt endurtryggingavernd ef stórslys verður, ökutækjaslys falla þó undir aðra endurtryggingasamninga.

C.2.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Allir endurtryggjendur skulu hafa lánshæfiseinkunn að lágmarki A- hjá S&P eða samþærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum. Komi til ósk um undanþágu þar á þarf Áhættu- og öryggisnefnd að samþykkja hana. Sérstök áhersla er lögð á að kortleggja alla samáhættu, þ.e. heildar váttryggingafjárhæð sem tengjast geta í sama atburði, þannig að öruggt sé að endurtryggingarvernd falli innan almennra (sjálfvirkra) endurtryggingasamninga félagsins ellegar keyptar verða sérstakar endurtryggingar þar á.

Árlega skal tryggingastærðfræðingur taka saman áhrif reynslu á útreikninga váttryggingaskuldar. Tryggingastærðfræðingur skal yfirfara forsendur þeirra útreikninga sem notaðir eru við mat á váttryggingaskuld og bera saman við reynslu. Sé kerfisbundinn munur á besta mati á váttryggingaskuld og reynslu váttryggingafélags skal gera viðeigandi breytingar á þeim tryggingastærðfræðilegu aðferðum sem notaðar eru og, ef við á, þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar matinu.


C.2.5 NÆMNIGREINING

Atburðir sem geta haft verulegar afleiðingar á afkomu váttryggingareksturs eru af ýmsum toga og hafa þær helstu verið tilgreindar hér að framan. Engu að síður er mikilvægt að vera stöðugt á varðbergi og fara yfir helstu áhættur sem geta steðjað að og munu hafa áhrif á afkomu félagsins. Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir umfangi áfalls og hve stórt það gæti orðið án þess að rekstur félagsins sé beinlínis í hættu.

Áhrif á gjaldþolshlutfall ef vanmat heildar tjónaskuldar reynist vera 10% annars vegar og 20% hins vegar koma fram á mynd C.1.

Í ársreikningi félagsins er eftirfarandi áhætta skoðuð og áhrif breytinga á afkomu hennar:

- Tjónatiðni +/-1%: 1.940 m.kr
- Meðaltjón +/-1%: 209 m.kr
- Of/vanmat tjónaskuldar í langtímagreinum +/-10%: 2.322 m.kr
- Löggjöld +/-1%: 278 m.kr



Mynd C.1: Gjaldþolshlutfall næmnigreining váttryggingaáhætta

C.3 Markaðsáhætta

C.3.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Félögin hafa skilgreint markaðsáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á virði fjáreigna. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk ásamt því að ná fram ásættanlegri ávöxtun á fjárfestingaeignir. Helstu áhættuþættir félagsins eru hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta, vikáhætta og gjaldmiðlaáhætta.

Hlutabréfaáhætta

Hlutabréfaáhætta er hættan á neikvæðum áhrifum á fjárhagslega stöðu samstæðunnar vegna verðbreytinga á hlutabréfum. Til viðbótar við áhættuna af verðbreytingunum sjálfum er áhætta fólgin í takmarkaðri og jafnvel neikvæðri fylgni íslenskra hlutabréfa við EIOPA vísitöluna sem ákvarðar samhverfustuðul hlutabréfa. Samhverfustuðull er álag (+/-) reiknað á hlutabréfaáfall. Þá getur mikil hækkun einstakra hlutabréfa eða áhrif á aðrar eignir vegna mikillar lækkunar hlutabréfa lækkað þróskuld samþjöppunaráhættu.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er hættan vegna breytinga á virði skuldabréfa vegna vaxtabreytinga sem myndi hafa neikvæð áhrif á afkomu og gjaldþolshlutfall félagsins.

Vikáhætta

Áhættan er mikil breyting á álagi skuldabréfa umfram vaxtaferil ríkisskuldabréfa. Breytingar á álagi geta m.a. stafað af umtalsverðum breytingum í áhættumati fjárfesta (e. „flight-to-quality“) þ.e. þegar fjárfestar selja eignir sem þeir telja áhættusamar (fyrirtækjaskuldabréf) og kaupa í staðinn áhættuminni eignir (ríkisskuldabréf).

Gjaldmiðlaáhætta

Í efnahagsreikningi félagsins eru bæði eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum. Gjaldmiðlaáhætta er sú áhætta að breytingar á gengi gjaldmiðla hafi óhagstæð áhrif á virði þess hluta eigna eða skulda samstæðunnar sem eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

C.3.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Sjóvá miðar samsetningu eignasafnsins við varfærnisregluna sem segir að einungis sé heimilt að hafa í safni sínu eignir sem félagið getur greint, fylgst með og stjórnað. Þannig er stærstur hluti fjárfestingaeigna félagsins skráður á skipulegan verðbréfamarkað sem gerir félaginu kleift að greina og fylgjast með verðbreytingum og bregðast við þeim. Samstæðan uppfyllir varfærnisregluna með settum fjárfestingastefnum og -reglum og verklagi sem lýtur að eftirliti og framkvæmd fjárfestingastefnu annars vegar fyrir móðurfélagið og hins vegar fyrir líftryggingafélagið. Markmið fjárfestingastefnu og reglna um eignastýringu er að stuðla að því að félögin eigi traustar og seljanlegar eignir á móti eigin tjónaskuld og að eignasöfn félaganna taki mið af áhættuvilja stjórnar og fjármagnsskipan. Reglunum er ætlað að styðja við og tryggja að fjárfestingar félagsins séu varfærnar og ábyrgar og að ákvarðanir um þær séu faglegar.

Samkvæmt fjárfestingastefnu og reglum um eignastýringu er um aðskilin eignasöfn að ræða, annars vegar fyrir móðurfélagið og hins vegar fyrir líftryggingafélagið. Eignasöfnin skulu að lágmarki innihalda auðseljanlegar eignir (laust fé, ríkisskuldabréf, sértryggð skuldabréf og önnur skuldabréf fjármálastofnana) fyrir því sem nemur 50% af 12 mánaða meðaltali eigin tjónaskuldar félaganna. Líftími skuldabréfasafns félaganna er mældur mánaðarlega fyrir móðurfélagið og ársfjórðungslega fyrir líftryggingafélagið og borinn saman við líftíma eigin tjónaskuldar hvors félags fyrir sig og kynntar fyrir stjórn.

Stjórn ákvarðar vikmörk fjárfestingastefnu fyrir fyrirfram skilgreinda eignaflokka sem endurspeglar áhættuvilja hennar og tryggir jafnframt áhættudreifingu í eignasafninu.

Fjárfestinganefnd móðurfélagsins fundar að jafnaði vikulega þar sem m.a. er farið yfir markaðsaðstæður, ávöxtun eignasafnsins, stærstu breytingar frá síðasta fundi ásamt hlítu við fjárfestingastefnu til viðbótar við tilfallandi mál sem borin eru undir fjárfestinganefnd til ákvörðunar.

Fjárfestinganefnd líftryggingafélagsins stefnir að því að halda fundi einu sinni í mánuði en þó ekki sjaldnar en ársfjórðungslega, þar sem m.a. er farið yfir markaðsaðstæður, ávöxtun eignasafnsins, stærstu breytingar á eignasafninu frá síðasta fundi ásamt hlítu við fjárfestingastefnu til viðbótar við tilfallandi mál sem borin eru undir fjárfestinganefnd til ákvörðunar.

Fjárfestinganefnd hefur heimild til að eiga viðskipti sem rúmast innan marka fjárfestingarstefnu í öllum öðrum eignaflokkum en afleiðum. Slíkar ákvarðanir krefjast samþykkis stjórnar. Fjárfestinganefnd skal heimilt að selja eða taka kauptilboði í eignir sem stjórn hafði áður veitt heimild til að kaupa.

Eignir eru nánast allar skráðar á verðbréfamarkað og þeirra er aflað að undangeng-

inni athugun á hlutfallslegri áhættu og ávöxtun. Að því gefnu að ekki sé um stórfelldar misfellur að ræða í verðlagningu skráðra verðbréfa þá ætti ávöxtunin að vera ásættanleg miðað við áhættu hverju sinni. Áhættan er síðan ákvörðuð með heimildum í fjárfestingastefnu um fjárfestingar í mismunandi eignaflokkum.

C.3.3 VEIGAMIKIL SAMPJÖPPUN

Samþjöppunaráhættu er stýrt með dreifingu á milli eignaflokka, en skiptingin er birt í fjárfestingastefnum félaganna. Þá eru efri mörk sett á einstaka eignaflokka eftir útgefendum/mótaðilum. Einnig eru sett efri mörk um hlutfall eftir eðli fjárfestinga.

Staðalregla Solvency II metur samþjöppunaráhættu eigna félaganna.

C.3.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Eignir sem mæta váttryggingaskuldbindingum skulu vera í samræmi við eðli, gjaldmiðil og líftíma hennar og er því tekið mið af vaxtanæmni. Líftími váttryggingaskuldbindinga og eigna sem mæta þeim er borinn saman mánaðarlega fyrir móðurfélagið og ársfjórðungslega fyrir líftryggingafélagið.

Ekki er heimilt að fjárfesta í öðrum eignaflokkum en þeim sem eru tilgreindir í fjárfestingarstefnu félaganna. Sé fjárfest í verðbréfasjóði, samlagshlutafélagi, fagfjárfestasjóði eða öðru félagsformi utan um fjárfestingar, skulu undirliggjandi eignir þess ráða hvort fjárfestingin falli undir fjárfestingarstefnu og þá í hvaða eignaflokk.

Sjálfvirkt eftirlitskerfi hefur verið sett upp sem tilkynnir frávik frá fjárfestingarstefnu daglega til sérfræðings eignastýringar. Þá tekur áhættustjóri mánaðarlega fyrir móðurfélag, og ársfjórðungslega fyrir líftryggingafélagið, saman skýrslu yfir hlítinu og kynnir fyrir stjórn ársfjórðungslega, og oftast ef þurfa þykir.

Regluleg upplýsingagjöf til fjárfestinganefndar og stjórnar er mikilvægur þáttur í vöktun áhættu. Mánaðarlega fær stjórn skýrslur frá forstöðumanni fjárfestinga.


C.3.5 NÆMNIGREINING

Mynd C.2 sýnir áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldþolshlutfall félagsins. Öll áföll voru fyrst skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað héldist óbreytt (einföldun). Síðan voru einnig skoðuð nokkur samsett áföll.

C.4 Kröfuáhætta

C.4.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Félögin hafa skilgreint kröfuáhættu (útlánaáhætta, e. credit risk) sem hættu á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa af sveiflum í láns hæfi útgefanda verðbréfa, mótaðila og annarra sem váttryggingafélög eiga kröfu á. Undir kröfuáhættu fellur mótaðilaáhætta, vikáhætta og samþjöppun markaðsáhættu.



Mynd C.2: Gjaldpóshlutfall næmnigreining markaðsáhættu.

Mótaðilaáhætta vegna fjárfestinga

Áhætta sem getur skapast vegna taps eða breytinga á gjaldpólskröfu vegna gjaldþrots eða sveiflna í lánshæfismati mótaðila.

Mótaðilaáhætta vegna endurtrygginga

Áhætta á að fjárhagslegur styrkur endurtryggjenda sé ekki nægur til að standa við skuldbindingar. Áhætta vegna endurtryggingaverndar getur skapast ef einn einstakur tjónsatburður setur fjárhagslegan styrkleika félagsins í hættu.

Vikáhætta

Áhættan sem hlýst af því að álag skuldabréfa (annarra skuldabréfa en með ríkisábyrgð) ofan á ríkisskuldabréf aukist.

Samþjöppunaráhætta

Áhætta á að of mikil samþjöppun í váttryggingastofni eða eignasafni útsetji félögin fyrir óhóflegri áhættu. Áhættan getur verið fólgin í mismunandi fjármálagerningum og váttryggingasamningum á sama aðila eða aðila sem eru með samleita áhættu.

C.4.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Fjallað er um mótaðilaáhættu vegna fjárfestinga í kafla C.3.

Áhætta vegna endurtrygginga er milduð með því að skipta eingöngu við endurtryggjendur með fjárhagslegan styrkleika að lágmarki A- samkvæmt mati S&P eða sambærilegt. Þá er skuldbindingum dreift með fjölda endurtryggjenda og þátttökuhlutdeild í huga. Samþjöppunaráhættu vegna váttrygginga er stýrt með viðtæku framboði váttrygginga fyrir einstaklinga og atvinnurekstur, bæði í líf- og skaðatryggingum. Mikilvægt er að ná tilteknum fjölda innan hverrar váttryggingagreinar svo áhætta dreifist nægjanlega. Sjá

nánar í kafla C.2.

Fjárfestingastefna Sjóvár á að stýra samþjöppunaráhættu vegna fjárfestinga en áhættan er að félagið hafi mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart einum einstökum aðila eða tengdum aðilum. Áhættan getur verið fólgin í mismunandi fjármálagerningum og váttryggingasamningum á sama aðila eða aðila sem eru með samleita áhættu. Sjá nánar um stýringu samþjöppunaráhættu fjárfestinga í kafla C.3.

C.4.3 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Stærsta kröfuáhætta sem Sjóvá er útsett fyrir er áhætta tengd íslensku viðskiptabönkunum í formi óveðtryggðra skuldabréfa og hlutabréfa. Mynd C.3 sýnir áhrifin á gjaldþolshlutfall ef viðskiptabankarnir yrðu gjaldþrota svipað og gerðist árið 2008. Sjóvá notar endurtryggingavernd til áhættuvarna og semur aðeins við endurtryggjendur með hátt lánshæfismat til að tryggja að enginn einn einstakur tjónsatburður geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu. Ef frá er talið stórt hlutabréfaáfall sem nefnt er í markaðsáhættukaflanum er það mat Sjóvár að enginn einn viðskiptavinur/mótaðili geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu.

Vikáhættu í fjárfestingum er haldið innan hóflegra marka að mati félagsins með heimildum til fjárfestinga í skuldabréfum sem ekki eru með ríkisábyrgð í fjárfestingastefnu. Vikáhætta er lítill hluti af markaðsáhættu félagsins og skýrist að miklu leyti af vikáhættu vegna sértryggðra skuldabréfa sem talin eru áhættulítill.


C.4.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Allir endurtryggjendur skulu hafa lánshæfiseinkunn ekki lægri en A- hjá S&P eða samþærilegt. Allar undanþágur frá því þarf Áhættu- og öryggisnefnd að samþykkja. Sérstök áhersla er lögð á að kortleggja alla samáhættu, þ.e. heildar váttryggingarfjárhæð sem tengjast geta í sama atburð, þannig að öruggt sé að keypt verði endurtryggingarvernd innan sjálfvirkra samninga eða sem sérendurtryggð áhætta. Sérstaklega skal gæta að undanþágum í sjálfvirkum endurtryggingarsamningum og að samræmi sé við váttryggingarskilmála félagsins sem og að allir hagsmunaaðilar (Viðskiptaþróun, Sala og ráðgjöf) séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða.

Áhættu- og öryggisnefnd og tryggingastærðfræðingi eru kynntar niðurstöður og forsendur þeirra endurtryggingasamninga sem liggja fyrir. Starfssvið tryggingastærðfræðings leggur álit sitt á endurtryggingavernd félagsins og upplýsir um það í skýrslu sinni. Lýsing á áhættuvörnum og vöktun tengt fjárfestingum má finna í kafla C.3.

C.4.5 NÆMNIGREINING

Á mynd C.3 má sjá áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldþolshlutfall félagsins. Öll áföll voru fyrst skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað héldist óbreytt (einföldun). Svo voru þó nokkur samsett svartsýn áföll skoðuð.



Mynd C.3: Gjaldþolshlutfall næmnigreining kröfuhætta.

C.5 Lausafjáraðhætta

C.5.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sjóvá samstæðan hefur skilgreint lausafjáraðhættu sem áhættuna á að félögin hafi ekki yfir tiltækum fjármunum að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum. Markmið stefnu um lausafjáraðhættu er að félögin eigi nægt laust fé og fjármagn til að geta staðið tímanlega við skuldbindingar sínar, jafnvel undir erfiðum aðstæðum. Sjóvá samstæðan flokkar lausafjáraðhættu í tvennt, annars vegar vegna innstæðna sem falla til daglegs rekstrar og hins vegar vegna seljanleika fjárfestingaeigna.

Tryggja skal fullnægjandi lausafé til þess að standa undir rekstrarkostnaði og tjónagreiðslum og tryggja fullnægjandi ávöxtun þess fjármagns sem umfram er. Stór óvænt tjón eða óvænt aukin tjónatíðni á stuttum tíma getur aukið lausafjárbörf.

Tryggja skal að í eignasafni félaganna séu eignir sem með auðveldum hætti er hægt að selja til þess að standa undir óvæntri lausafjárbörf.

C.5.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Skráð verklag tryggir að stýring lausafjár byggir á áætlunum um inn- og útgreiðslur. Ábyrgðaraðilar lausafjárstýringar funda að jafnaði tvisvar í mánuði og meta lausafjárstöðu.

Við mat á lausafjárbörf skal horft til þróunar fjármálamarkaða og regluverks.

C.5.3 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Sjóvá er ekki útsett fyrir mikilli lausafjáraðhættu sökum þess hve stór hluti eignasafnsins er í auðseljanlegum eignum. Þá eru ákvæði í endurtryggingasamningum um tímamörk greiðslu þess hluta tjóna sem fellur á endurtryggjendur. Þessi ákvæði draga verulega úr lausafjáraðhættu Sjóvár.

C.5.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Stefna félagsins er að Sjóvá geti auðveldlega selt eignir/verðbréf til að standa undir óvæntri lausafjárbörf ef þurfa þykir. Félagið setur sér það markmið að eiga í það minnsta auðseljanlegar eignir fyrir því sem nemur 50% af 12 mánaða meðaltali eigin tjónaskuldar félagsins. Í fjárfestingastefnu er skilgreint hvaða eignir teljast auðseljanlegar.

Félögin skulu á hverjum tíma eiga nægilega hátt hlutfall auðseljanlegra eigna til að mæta rekstrarkostnaði og eigin tjónskostnaði.

C.5.5 HEILDARFJÁRHÆÐ VÆNTS HAGNAÐAR SEM INNIFALINN ER Í FRAMTÍÐAR- IÐGJÖLDUM

Iðgjaldaskuld í Solvency II er besta mat áætlaðs greiðsluflæðis vegna þeirra skuldbindinga sem félagið hefur gert við váttryggingataka um áramót fyrir þann tíma sem ekki er hafið á uppgjörssdegi og núvirði þess reiknað. Annars vegar eru skuldbindingar vegna þess hluta bókfærðra iðgjalda sem ekki hefur verið tekjufærður, þar sem tímabil verndar er ekki liðið, og hins vegar þau iðgjöld sem búið er að gefa út á uppgjörssdegi og koma til bókusar fyrstu tvo mánuði eftir uppgjörssdag þ.e. framtíðariðgjöld. Ekki er gefið að um þennan hagnað verði að ræða því óvissa er um hvort þessi viðskipti verði að veruleika. Því þarf einnig að leggja mat á mögulegt brottfall þegar lagt er mat á þennan vænta hagnað. Væntur hagnaður vegna þessara framtíðariðgjalda kemur fram í töflu C.1. Stuðst er við áætlað samsett hlutfall eftir greinaflokkum. Sjá nánar um aðferðafræði í kafla D.2.

Væntur hagnaður	2025	2024
Skaðatryggingar	171	185
Líftryggingar	196	212
Samtals	367	397

Tafla C.1: Heildarfjárhæð vænts hagnaðar (í m.kr.) sem innifalinn er í framtíðariðgjöldum.

C.6 Rekstraráhætta

C.6.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sjóvá samstæðan skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, vegna starfsmanna eða annarra innri eða ytri þátta sem leitt geta til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Markmið með stefnu um rekstraráhættu er að bera kennsl á, meta og stýra áhættu sem felst í starfsemi, ferlum og kerfum. Rekstraráhætta félaganna er samsett úr nokkrum þáttum; þ.e. starfsmannaáhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsinga- og fjarskiptatækni og lagalegri áhættu. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga samstæðunnar.

Starfsmannaáhætta

Starfsmannaáhætta er ef skortur verður á þekkingu s.s. vegna brotthvarfs lykilstarfsmanna, veikinda eða ef einstaka starfsmenn félagsins hlíta ekki lögum og reglum eða innri reglum félaganna, sem leitt getur til rekstrarerfiðleika.

Upplýsinga- og fjarskiptatækniáhætta

Áhætta vegna upplýsingakerfa eru rekstrartruflanir m.a. vegna niðritíma kerfa, tölvuárása eða að kerfi félaganna vinna ekki rétt saman. Upplýsingaöryggi getur verið ógnað vegna ófullnægjandi meðhöndlunar gagna í kerfum, vegna upplýsingaleka eða stuldar á upplýsingum af hálfu starfsmanna eða utanaðkomandi aðila.

Lagaleg áhætta

Lagaleg áhætta getur skapast ef félögin eða starfsmenn hlíta ekki lögum, reglum eða tilmælum. Breytingar á lagaumhverfi, kjarasamningum og fordæmisgefandi dómar geta haft áhrif á rekstur.

C.6.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Starfsmannaáhætta

Skráðu verklagi er fylgt við ráðningar og starfslok starfsmanna. Starfsmannavelta er mæld á 6 mánaða fresti. Félagið er með jafnlaunavottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012 og mælir árlega starfsánægju. Lögð er rík áhersla á fræðslu og þjálfun, meðal annars til að auka áhættuvitund og hlítinu við lög og reglur. Leitast er við að tryggja öryggi starfsmanna og starfsstöðva í hvívetna og gert er sálfélagslegt áhættumat á tveggja ára fresti til að meta áhættuþætti í starfsumhverfi starfsmanna. Öryggishandbók félagsins lýsir hvernig staðið er að öryggi starfsmanna og hafa allir starfsmenn félagsins undirritað handbókina.

Upplýsinga- og fjarskiptatækniáhætta

Sjóvá er með vottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis. Einnig uppfyllir félagið kröfur leiðbeinandi tilmæla FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila og viðmiðunarreglna EIOPA um útvistun til skýjaþjónustuaðila (EIOPA-BoS-20-002) og viðmiðunarreglna EIOPA um upplýsingatækni og netnotkun vegna upplýsinga- og samskiptatækni og stjórnarhætti þeim tengdum (EIOPA-BoS-20-600).

Lagaleg áhætta

Regluvörður, ásamt lögfræðiþjónustu, hefur eftirlit með breytingum á lögum og reglum sem áhrif geta haft á félagið. Regluvörður ber ábyrgð á að upplýsa framkvæmdastjórn og aðra hagsmunaaðila um allar laga- og reglugerðarbreytingar eftir þörfum. Sjóvá hefur, í gegnum Samtök Fjármálafyrirtækja, beina og óbeina aðkomu að lagasetningu sem álitsgjafi. Mótuð hefur verið og innleidd hlítunarstefna og hlítunaráætlun. Stefnan tekur til regluvörslu sem ber ábyrgð á eftirliti með að í daglegri starfsemi félagsins sé ávallt verið að hlíta gildandi lögum, reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

C.6.3 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Stærstu rekstraráhættur Sjóvár tengjast ófyrirséðum tölvuinnbrotum eða kerfisbilunum sem og áhættu í daglegum rekstri. Sjóvá hefur lágmarkað áhættuna með ýmsum hætti, t.a.m. með því að hafa skráð verklag skýrt, en jafnframt með frávíkaskráningu og með

úttektum innri og ytri aðila.

Sjóvá hlaut vottun árið 2014 á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum og hefur haldið þeirri vottun við síðan.

Til að mæla og milda áhættu eru framkvæmdar áhættugreiningar með það að markmiði að kortleggja ógnir og áhættuþætti ásamt því að meta stýringar, setja áætlanir og úrbótaverkefni til að koma í veg fyrir að þær raungerist.

Hjá félaginu hefur verið komið á heildstæðri viðbúnaðarumgjörð til að bregðast við áföllum til að tryggja samfelldan rekstur, þar sem skilgreind eru hlutverk, ábyrgð, verkefni og áhættuliðir.

Tilvist neyðaráætlunar ýtir einnig undir öruggara rekstrarumhverfi með því að draga úr hættu á áföllum og stuðla að rekstrarsamfellu með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Rekstraráhættan er reiknuð með staðalformúlunni og reiknast sem hlutfall af iðgjöldum og vátryggingaskuld.

C.7 Önnur veigamikil áhætta

C.7.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Önnur veigamikil áhætta er skilgreind sem áhætta sem getur haft veruleg áhrif á markmið samstæðunnar. Markmiðið er að greina, meta og stýra annarri veigamikilli áhættu. Undir aðra veigamikla áhættu flokkast m.a. stefnumótunaráhætta, orðsporsáhætta, útvistunaráhætta, ný áhætta (e. emerging risk) og loftslagsáhætta.

Stefnumótunaráhætta

Stefnumótunaráhætta er áhætta sem getur skapast af viðskiptalegum ákvörðunum, framkvæmd þeirra eða skorts á viðbrögðum við breytingum á rekstrarumhverfi sem leitt geta til rekstartaps eða lækkunar gjaldpols.

Orðsporsáhætta

Orðsporsáhætta er áhætta sem félagið kann að standa frammi fyrir vegna þess að orðspor hefur beðið hnekki, s.s. vegna neikvæðrar umfjöllunar vegna málefna eða ákvarðana stjórnenda eða eiganda. Einnig ef félagið verður uppvíst að ófullnægjandi meðferð trúnaðarupplýsinga eða svörunar kvartana.

Útvistunaráhætta

Útvistunaráhætta er sú áhætta sem hlýst af því að láta verkefni eða þjónustu sem almennt fellur innan verksviðs félaganna í hendur þjónustuveitanda í stað þess að félögin framkvæmi það sjálf.

Loftslagsáhætta

Áhætta tengd loftslagsbreytingum skiptist í raunlæga áhættu (e. physical risk) sem

er sú áhætta sem stafar beint af loftslagsbreytingunum og umbreytingaráhættu (e. transition risk) sem er sú áhætta sem kemur til vegna aðgerða til að stemma stigu við loftslagsbreytingum.

Ný áhætta

Áhættustýring einblínir ekki eingöngu á áhættu sem hefur verið greind og metin heldur er leitast við að greina nýja áhættu (e. emerging risk). Sem dæmi um nýja áhættu má nefna pólitíska áhættu (e. geopolitical risk), og tæknilegar nýjungar, s.s. gervigreind.

C.7.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Öll svið félagsins framkvæma reglulegar áhættugreiningar þar sem farið er yfir helstu áhættur sviðsins, þær greindar, metnar og skoðað hvað gert er til að draga úr því að þær raungerist.

Til að draga úr áhættu eru framkvæmdar áhættugreiningar með það að markmiði að kortleggja verðmæti, ógnir, veikleika og áhættuþætti ásamt því að meta stýringar og skilgreina úrbótaverkefni til að draga úr áhættu. Álagspróf og næmnigreiningar eru framkvæmdar a.m.k. árlega og kynntar stjórnnum félagana sem partur af SFCR/RSR og ORSA skýrslum.

Við greiningu og mat á nýjum (e. emerging risk) og núverandi áhættum eru innri og ytri áhættuþættir rýndir af helstu sérfræðingum og framkvæmdastjórn ársfjórðungslega. Niðurstöður eru kynntar stjórnnum félaganna sem hluti af áhættuskýrslu stjórnar.

C.7.3 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Stefnumótunaráhætta

Árlega er haldinn stefnumótunarfundur með stjórn, framkvæmdastjórn og helstu sérfræðingum félagsins og niðurstöður kynntar starfsfólki. Markmiðasetning er unnin árlega samkvæmt skráðu verklagi. Ákvarðanataka og áætlanagerð skal vera í samræmi við stefnumótun og jafnframt taka mið af breytingum á mörkuðum.

Orðsporsáhætta

Til að draga úr orðsporsáhættu hafa félögin sett sér verklag varðandi samskipti við fjölmiðla. Verklagið felur m.a. í sér að forstjóri komi fram fyrir hönd félagsins, en hann getur falið öðrum það hlutverk eftir þörfum. Félögin hafa sett sér siðareglur sem kveða meðal annars á um æskilega viðskiptahætti. Allar ábendingar frá viðskiptavinum eru skráðar og brugðist er við þeim.

Útvistunaráhætta

Félagið hefur sett sér útvistunarstefnu sem byggir m.a. á leiðbeinandi tilmælum fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2025 um útvistun, leiðbeinandi tilmæla nr. 1/2019, Guidelines on system of governance og Guidelines on outsourcing to cloud service providers. Sjóvá útvistar verkefnum ef það er talið leiða til eins eða fleiri eftirtalinna

þátta: minni áhættu, aukins öryggis, lægri kostnaðar eða aukinna afkasta.

Loftslagsáhætta

Sjóvá framkvæmir mikilvægisgreiningu, en með slíkri greiningu er leitast við að afmarka hvaða sjálfbærniþættir hafa mesta þýðingu fyrir Sjóvá og hagaðila þess og ættu því að vera í forgrunni við ófjárhagslega upplýsingagjöf félagsins. Félagið gefur út sérstaka skýrslu um sjálfbærni, hana má finna [hér](#) á vefsíðu Sjóvá.

C.7.4 ÁHÆTTA VEGNA ÁHRIFA LOFTSLAGSBREYTINGA

Helstu áhættuþættir á sviði váttryggingastarfsemi og umhverfispátta tengdum loftslagsáhættu snúa að váttryggðum áhættum og endurtryggingum. Árlega er gengið frá samningum við endurtryggjendur og geta þessar áhættur haft áhrif á umfang og kostnað við endurtryggingar.

Helstu áhættuþættir snúa að breytingum á veðurfari og afleiddum áhættum svo sem vegna aukinnar hættu á gróðureldum, en einnig vegna afleiddra áhætta í kjölfar skriðufalla og flóða.

Loftslagsvá hefur margvísleg áhrif á alþjóðasamfélagið fyrir utan aukningu í tjónakostnaði. Áskoranir sem stjórnvöld og fyrirtæki standa frammi fyrir eru m.a. breytingar á vörustjórnun og viðskiptakeðjum, stefnumótun og breytingastjórnunaráhætta sem fylgir því að aðlagast nýjum aðstæðum. Jafnframt þurfa fyrirtæki að vera vakandi fyrir áhrifum nýrra lagasetninga. Gera má ráð fyrir að þessu fylgi aukin þjóðhagsáhætta m.a. í formi verðbólgu og óvissu um hagvöxt.

C.8 Aðrar upplýsingar um áhættusnið

Ekki er um að ræða aðrar upplýsingar en koma fram í kafla C.1 – C.7.

D Mat á gjaldþolsstöðu

D.1 Eignir

Verðbréf samstæðunnar eru metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum. Mat á gangvirði tekur mið af markaðsaðstæðum og þeim upplýsingum sem eru til staðar um viðkomandi fjáreign á matsdegi. Í einhverjum tilfellum er byggt á hlutlægu mati sem getur verið háð óvissu. Mat á virði óskráðra eigna er vísað til fjárfestinganefndar og endurskoðunarnefndar til umfjöllunar og samþykktar.

Eignir	Solvency II	IFRS 17	Mismunur
Óefnislegar eignir	0	0	0
Viðskiptavild	0	244	-244
Rekstrarfjármunir	516	516	0
Skatteign	0	0	0
Verðbréf	62.921	62.922	-2
Ríkisskuldabréf	18.526	17.554	972
Fyrirtækjaskuldabréf	23.173	24.145	-972
Skráð hlutabréf	16.519	16.519	0
Óskráð hlutabréf	1.832	2.111	-279
Sjóðir	2.871	2.594	278
Handbært fé	1.756	1.754	2
Aðrar fjárfestingar	0	0	
Fjárfestingar með ábyrgð líftryggingataka	5.316	5.316	0
Endurtryggingaeignir	3.876	3.149	726
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	10.247	1.841	8.406
Leigueign	1.133	1.133	0
Eigin hlutabréf	0	0	0
Samtals	85.763	76.874	8.889
Skuldir			
Vátryggingaskuld	50.014	43.651	6.364
Líftryggingaskuld með ábyrgð líftryggingataka	5.316	5.316	0
Leiguskuld	1.250	1.250	0
Skattskuldbinding	259	23	236
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	4.198	2.611	1.587
Samtals	61.037	52.850	8.187
Eignir umfram skuldir	24.726	24.025	702

Tafla D.1: Efnahagsreikningur Solvency II og IFRS 17 m.v. 31.12.2025 (í m.kr.)

Mismunur eigna og skulda:

Eignir:

Viðskiptavild: Viðskiptavild samstæðunnar að fjárhæð 244 m.kr. er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Viðskiptavild telst ekki til eigna í Solvency II.

Verðbréf: Virði verðbréfa er í heildina það sama í IFRS og Solvency II fyrir utan lítillsháttar gengismun sem orsakast af mismunandi gengisskráningum milli vörsluaðila. Fyrir Solvency II er notast við vegið meðaltalsgengi fjárfestinga. Innbyrðis flokkun eigna getur þó verið mismunandi sem útskýrir að langstærstum hluta mismuninn á milli einstakra fjárfestingaflokka.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur: Áður var skuld vegna innborgaðra tekna vegna váttryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum hluti af iðgjaldaskuld, skv. IFRS 4, og færð á skuldahlið efnahagsreikningsins. Iðgjaldaskuldin innihélt einnig skuldbindingu vegna þeirrar váttryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum þar sem tekjur voru óinnheimtar. Á móti þeirri skuldbindingu voru færðar viðskiptakröfur á eignahlið efnahagsreikningsins. Með innleiðingu IFRS 17 falla niður óinnheimt iðgjöld og skuldbinding vegna þeirra og heildareignir og heildarskuldir samstæðunnar lækka því verulega. Þessi breyting nær ekki til Solvency II.

Eigin hlutabréf: Koma fram á eignahlið efnahagsreiknings Solvency II en teljast ekki með í gjaldþoli. Þau teljast ekki til eigna í IFRS. Félagið á engin eigin bréf í lok árs 2025.

Skuldir:

Váttryggingaskuld: Munur á mati á váttryggingaskuld liggur í iðgjaldaskuld en hún er skilgreind með ólíkum hætti samkvæmt Solvency II og IFRS. Samkvæmt Solvency II er iðgjaldaskuld vænt greiðsluflæði skuldbindinga vegna þeirra iðgjalda sem félagið hefur samþykkt og skuldbundið sig vegna og hagnaður/tap þeirra iðgjalda áætlaður. Iðgjaldaskuld IFRS 17, eða skuldbinding vegna eftirstæðrar váttryggingaverndar, samanstendur af innborguðum tekjum vegna váttryggingaverndar sem tilheyrir síðari tímabilum, frestuðum kostnaði við öflun samninga, skuldbindingu vegna íþyngjandi samninga og viðskiptaskuldum sem tilheyra eftirstæðri váttryggingavernd.

Einnig er munur á áhættuálagi samkvæmt Solvency II og öryggisálagi IFRS 17 sem veldur mismunandi mati á váttryggingaskuld.

Skattur til greiðslu: Vegna þess hvernig skuldbinding vegna bókfærðra og útgefna iðgjalda sem tilheyrir næsta ári er reiknað í Solvency II og framtíðarhagnaður reiknast til lækkunar á iðgjaldaskuld reiknast einnig skattur á ætlaðan hagnað og er færður sem skattskuldbinding í efnahagsreikningi Solvency II.

Mat á öðrum eignum

Óefnislegar eignir: Óefnislegar eignir svo sem vörumerkið, viðskiptatengsl og hugbúnaður, eru ekki færðar í yfirlit yfir fjárhagsstöðu nema að fyrir liggir verð og að fyrir liggir að hægt sé að selja óefnislegu eignina.

Rekstrarfjármunir: Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá-

dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Endurtryggingaeygnir: Endurtryggingavernd er keypt til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættu umfram umsamda fjárhæð. Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeygnir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga er hlutdeild endurtryggjenda í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna. Í IFRS 17 eru eignir og skuldir endurtryggjenda teknar saman og færðar sem endurtryggingaeygnir meðan að skuldir á endurtryggjendur eru hluti af viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum í Solvency II.

D.2 Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld samanstendur af tjónaskuld, iðgjaldaskuld, áhættuálagi og ágóðaskuld. Staðan um síðustu áramót var eins og kemur fram í töflu D.2.

	Iðgjalda-skuld	Tjóna-skuld	Áhættu-álag	Ágóða-hlutdeild	Vátrygginga-skuld	Hluti endurtrygginga	Eigin vátrygginga-skuld
Eignatr	1.924	5.208	135	202	7.469	2.714	4.755
Sjó-, flug og farmtr	61	647	23	52	784	114	670
Lögb ökutækjatr	4.729	18.041	768	461	24.000	101	23.899
Frjalsar ökuttr	2.585	1.409	66	89	4.150	0	4.150
Ábyrgðartr	609	4.976	202	3	5.790	255	5.535
Greiðslu- og efndatr	2	0	0	-23	-21	0	-21
Alm slysa- og sjúkratr	454	2.185	92	115	2.846	0	2.846
Atvinnuslysatr	140	2.779	120	-42	2.996	73	2.924
Sjúkrakostnaðartr	3	10	0	0	14	0	14
Erlendar endurtr.	0	66	0	-3	63	0	63
Liftr	388	190	26	0	603	34	569
Heilsutr (lif)	568	683	71	0	1.322	450	872
Samtals	11.463	36.194	1.504	853	50.014	3.741	46.274


Tafla D.2: Sundurliðun vátryggingaskuldar SII greinaflokka 31.12.2025 (í m.kr.)

Samkvæmt reglum Solvency II skal núvirða vátryggingaskuldina og styðjast við vaxtaferil sem gefinn er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pensions Authority). Tjónaskuldin er stærstur hluti vátryggingaskuldarinnar og ber að reikna hana þannig að hún skuli vera nægileg að meðaltali (e. Best Estimate) til að standa undir tjónum þeim sem tilheyra liðnu tímabili. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi eða meðaltal (líkindafræðilegt vegið meðaltal) á núvirtu greiðsluflæði fyrir núverandi skuldbindingar, dreift yfir uppgjörstímabil samningsins. Auk besta mats er reiknað áhættuálag sem er sú fjárhæð sem ásamt besta mati er ætlað að tryggja að vátryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur vátryggingafélög áskilji sér við að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem vátryggingaskuld er ætlað að mæta.

Áhættuálag er skilgreint sem sá fjármagnskostnaður við að leggja til eigið fé til jafns við þá gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir váttryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Í árslok var áhættuálagið 1.504 m.kr. og bætist við tjónaskuld. Þá skal áætla uppgjörskostnað sem ákveðið álag á skuldina en það er sá kostnaður sem þarf til að gera upp þau tjón sem áætlað er fyrir í tjónaskuldinni.

Ársfjórðunglega reiknar tryggingastærðfræðingur besta mat tjónaskuldar félagsins. Reiknað er fyrir hvern greinaflokk samkvæmt greinaflokkaskiptingu laga nr. 100/2016. Þau reiknilíkön sem stuðst er við eru Chain Ladder, Munich Chain Ladder og Bournehutter Ferguson þar sem notast er við söguleg gögn um tjón og tjónakostnað leiðrétt fyrir verðlagi. Í litlum greinaflokkum þar sem ekki eru til nægjanleg gögn fyrir notkun nefndra reiknilíkana eru tjón metin sérstaklega. Í kjölfar útreiknings er lagt mat á uppgjörskostnað tjóna sem fellur til við að gera upp váttryggingaskuldbindingar félagsins og það mat lagt við besta mat tjónaskuldar. Við mat á framtíðarverðbólgu notar félagið þekktar aðferðir, verðbólguálag er reiknað út frá verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum á markaði.

Váttryggingaskuld Sjóvár, samkvæmt Solvency II, í árslok 2025 er 50.014 m.kr. og 47.475 m.kr. í árslok 2024. Til samanburðar þá eru samtala skuldbindinga vegna eftirstæðrar váttryggingaverndar og skuldbindinga vegna orðinna tjóna, þ.e. skv. IFRS 17, 43.650 m.kr. í árslok 2025 en var 41.713 m.kr. í lok árs 2024. Sundurliðun á váttryggingaskuld SII má sjá á mynd D.1.



Mynd D.1: Váttryggingaskuld 2025 og 2024 (í m.kr.)

Vöxtur í váttryggingaskuld er í samræmi við vöxt tekna (iðgjalda) milli ára. Lotuð iðgjöld (iðgjaldaskuld skv. IFRS4¹) er sá hluti iðgjalda sem búið er að bókfæra en gilda fyrir váttryggingatímabil sem ekki er hafið á uppgjörstími óháð því hvort þau hafi verið greidd eða ekki. Í IFRS 17 er tekið tillit til þess hvort iðgjöld hafi í raun verið greidd eða ekki. Iðgjaldaskuld í Solvency II er besta mat áætlaðs greiðsluflæðis vegna þeirra skuldbindinga sem félagið hefur gert við váttryggingataka um áramót fyrir þann tíma sem ekki er hafið á uppgjörstími og núvirði þess reiknað. Stuðst er við áætlað samsett hlutfall eftir greinaflokkum. Munur á milli lotaðra iðgjalda og iðgjaldaskuldar Solvency II kemur fram

¹Áður en IFRS 17 tók gildi við upphaf árs 2023 var IFRS iðgjaldaskuld jöfn lotuðum iðgjöldum.

í töflu D.3. Iðgjaldaskuld Solvency II er metin með eftirfarandi einföldun:

$$BE = CR \cdot VM + (CR - 1) \cdot PVFP + AER \cdot PVFP \quad (1)$$

- CR (e. combined ratio) stendur fyrir vænt samsett hlutfall. Stuðst er við samsett hlutfall úr áætlunum félagsins.
- VM (e. volume measure) stendur fyrir lotuð iðgjöld (e. unearned premium reserve).
- PVFP (e. present value of future premium) stendur fyrir framtíðariðgjöld. Framtíðariðgjöldin eru nálgðu með bókfærðum iðgjöldum tvo mánuði fram í tímann. Framtíðariðgjöldin eru núvirt með greiðsluferli tjónaskuldar.
- AER (e. acquisition expense ratio) stendur fyrir sölu og yfirtökukostnaður. Er settur sem 0 þar sem kostnaðurinn er innifalinn í samsetta hlutfallinu.

Sjá nánari útlistun á útreikningi í leiðbeiningum EIOPA: Guidelines on the valuation of technical provisions. Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum (e. expected profit in future premium) er metinn með

$$(CR - 1) \cdot PVFP. \quad (2)$$


Aðferðin gefur mismunandi útkomu eftir greinaflokkum. Fer það eftir væntu samsettu hlutfalli eins og það er í samþykktari áætlun félagsins. Einnig er tekið tillit til óvissu í hegðun vátryggingatakans, brotfallsáhættu, sem áhrif getur haft á framtíðarhagnaðinn. Hlutfallslega væntur hagnaður lægstur í greinaflokkum Sjóvá lífs en þar er samsett hlutfall lægra en þekktist í skaðatryggingafélaginu. Mismunur þessi kemur fram í töflu D.3.

	Solvency II	Lotuð iðgjöld	Mismunur
Eignatr	1.924	2.441	-517
Sjó-, flug og farmtr	61	60	1
Lögb ökutækjatr	4.729	4.764	-34
Frjálsar ökuttr	2.585	2.235	350
Greiðslu- og efndatr	2	3	-1
Ábyrgðartr	609	629	-20
Alm slysa- og sjúkratr	454	511	-57
Atvinnuslysatr	140	137	2
Sjúkrakostnaðartr	3	8	-5
Liftr	388	712	-325
Heilsutr (líf)	568	929	-361
Samtals	11.463	12.430	-966

Tafla D.3: Samanburður á iðgjaldaskuld Solvency II og lotaðra iðgjalda (í m.kr.)

Ágóðahlutdeild er sá hluti iðgjalda sem áætlað er að muni greiðast til baka til tjónlausra viðskiptavina en það er hluti af vildarkerfi Sjóvár. Við útreikning á tjónaskuld er safninu skipt í einsleita áhættuflokka sem eru samkvæmt Solvency II flokkun sem FÍT (Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga) gaf út og er tjónaskuld reiknuð fyrir hvern flokk fyrir sig.

Tjónaskuldin hefur hækkað á milli ára í flestum greinaflokkum en mesta hækkunin er í lögboðnum ökutækjatrýggingum, ábyrgðartryggingum og í almennum slysa- og sjúkratrýggingum. Lækkun í tjónaskuld atvinnuslysatrýgginga skýrist af jákvæðri matsþróun.



Mynd D.2: Tjónaskuld (í m.kr.) 31.12.2025 og 31.12.2024

Stækkun ökutækjategygginga undanfarin ár endurspeglar aukinni tjónaskuld en töluverðan tíma getur tekið að gera upp slysatjón greinarinnar.

Eitt stórt brunatjón var á árinu en að sama skapi var verið að greiða af eldri stærri brunatjónum sem hefur þau áhrif að tjónaskuldin hækkaði lítillega í eignatryggingum. Helsta óvissa í tjónaskuld er að einstök tjón þróist öðruvísi en fyrri útreikningar gerðu ráð fyrir. Þá getur alltaf verið ákveðin óvissa í áætlun stærri einstakra tjóna sem áhrif hefur á þróun tjónaskuldarinnar. Áætluð verðbólga í væntu greiðsluflæði getur einnig þróast öðruvísi en áætlað var sem og breytingar á vöxtum. Óvissan er þó einna mest í nýjustu tjónstímabilunum sem geta þróast á annan máta en þau ár sem liggja til grundvallar útreikningum og spár um niðurstöður byggja á. Þá er enn töluvert um orðin en ótilkynnt tjón sem geta þróast öðruvísi en reiknast í áætlun. Í skýringu 27 í ársreikningi og eins í kafla C.2.5 kemur fram að 10% vanmat tjónaskuldar í langtímagreinum hafi þau áhrif að afkoma félagsins eftir skatta verði lægri en sem nemur rúmlega 2.300 m.kr. Myndir D.2 og D.3 sýna þróun tjónaskuldar á milli ára (áhættuálag er innifalið).


Tjónaskuld í reikningsskilum er sú sama og stuðst er við í gjaldþolsútreikningum. Ekki er stuðst við aðlögun vegna óstöðugleika (e. volatility adjustment). Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld hefur hækkað á milli ára og munar þar um hækkingu tjónaskuldar í eignatryggingum og er um að ræða áætlun í hlut endurtryggjenda í einu stóru brunatjóni. Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld sést á mynd D.4.

D.3 Aðrar skuldir


Virði annarra skulda er það sama í efnahagsreikningi IFRS 17 og Solvency II. Ekki stendur til að breyta matsaðferðum annarra skuldbindinga frá því sem nú er.

D.4 Aðrar matsaðferðir

Ekki er notast við aðrar matsaðferðir við mat á gjaldþoli en notað er í reikningsskilum og er því ekki um neinn mismun að ræða.



Mynd D.3: Helstu breytingar á tjónaskuld félagsins (í m.kr.) eftir greinaflokkum m. áhættuálagi



Mynd D.4: Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld (í m.kr.) í 31.12.2025 og 31.12.2024

D.5 Aðrar upplýsingar

Ekki er um aðrar upplýsingar að ræða varðandi mat á eignum og skuldum vegna gjaldþolsstöðu en fram hafa komið í köflum D.1-D.4.

E Eiginfjárstýring

E.1 Gjaldpol

Markmið eiginfjárstýringar er að viðhalda sterkum eiginfjárgrunni til að stuðla að stöðugleika og fjárhagslegum styrk til að mæta kröfum váttryggingataka, eftirlitsaðila og hagsmunaaðila. Gjaldpolskrafa er reiknuð í það minnsta ársfjórðungslega og hafa stjórnir félaganna sett viðmið um gjaldpolshlutfall sem stýrt er eftir. Í það minnsta árlega er eigið áhættu- og gjaldpolsmat (ORSA) framkvæmt samhliða því að rekstraráætlun er unnin og sýn til fimm ára sett fram.

Lágmarksfjármagn (Minimum Capital Requirement, MCR) er sú fjárhæð sem samstæðunni ber að eiga umfram skuldbindingar að lágmarki. Almenna krafan er að eign umfram skuldbindingar samkvæmt Solvency II, þ.e. gjaldpol, skuli alla jafna vera að lágmarki reiknuð gjaldpolskrafa, þ.e. gjaldpolshlutfall 1,0, og er sú fjárhæð töluvert hærri en lágmarksfjármagnið. Hlutfall gjaldpols og gjaldpolskröfu í árslok 2025 er 1,4 eftir áætlaða arðgreiðslu og er innan viðmiða stjórnar um gjaldpolshlutfall samstæðunnar, sem er á bilinu 1,4 til 1,7.

Gjaldpolshlutfall samstæðunnar fór undir viðmið stjórnar á fyrsta ársfjórðungi 2025 og mældist þá 1,36. Það hélst í 1,36 á öðrum ársfjórðungi en var þó komið í 1,42 á þriðja ársfjórðungi.

Stjórnir félaganna og fjárfestinganefnd hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu. Stjórn Sjóvá lífs hefur eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu þess félags. Tryggingastærðfræðingur sér um útreikning á gjaldpolskröfu og er áhættustjóri ábyrgur fyrir því að stjórn sé upplýst um frávik frá fjárfestingastefnu.


Allir gjaldpolsliðir sem mæta eiga gjaldpolskröfu flokkast í eiginfjárbátt 1. Á það einnig við um aðra viðurkennda kjarnaeiginfjárliði sem mæta eiga kröfu um lágmarksfjármagn. Eina undantekningin þar á er í þeim tilvikum sem um skatteign er að ræða en hún fellur ekki undir eiginfjárbátt 1. Fjárhæð skatteignar er alla jafna óveruleg og árin 2024 og 2025 var hún engin.

Tafla **E.1** sýnir skiptingu eigin fjár félagsins í flokka og fjárhæðir m.v. árslok 2024 og 2025 og breytinguna þar á milli.

Gjaldpolskrafa félagsins hækkaði á árinu í samræmi við stærri váttryggingastofn. Markaðsáhætta hækkaði töluvert og helgast það einna helst af hækkun samhverfs aðlögunarstuðuls (e. symmetric adjustment) sem hækkaði um rúmlega 5% stig á árinu. Fjölpætting og tapgleypni frestaðra skatta hækkaði einnig sem hafði áhrif til lækkunar á gjaldpolskröfu. Þeir þættir sem höfðu áhrif á gjaldpolskröfuna koma fram á mynd **E.1**. Gjaldpol samstæðunnar lækkaði um 1.160 m.kr. á árinu 2025 og var í árslok 24.726 m.kr (fyrir áætlaða arðgreiðslu) í samanburði við 25.887 m.kr í árslok 2024. Á mynd **E.3** má sjá hvaða þættir höfðu áhrif á gjaldpolið. Greiddur var út á árinu arður vegna rekstrarafkomu ársins á undan að fjárhæð 3.400 m.kr. Hagnaður ársins 2025 var 2.066 m.kr. eftir skatt.

Eigið fé	2025		2024		Breyting
	Eigið fé samtals	Eiginfjárbáttur 1	Eigið fé samtals	Eiginfjárbáttur 1	
Hlutfé	1.162	1.162	1.157	1.157	5
Yfirverðsreikningur hlutfjár	462	462	289	289	173
Óráðstafað eigið fé	22.003	22.003	21.041	21.041	962
Víkjandi skuldabréf	-	-	-	-	-
Kjarnagjaldþol til móts við gjaldþolskröfu, SCR	23.626	23.626	22.486	22.486	1.140
Kjarnagjaldþol til móts við lágmarksgjaldþolskröfu, MCR	23.626	23.626	22.486	22.486	1.140
Fyrirhuguð arðgreiðsla	1.100	1.100	3.400	3.400	-2.300
Gjaldþol	24.726	24.726	25.887	25.887	-1.160
Eigin bréf	0	0	0	0	0
Eignir umfram skuldir SII	24.726	24.726	25.887	25.887	-1.160

Tafla E.1: Niðurbrot og flokkun eigin fjár (í m.kr.) m.v. árslok 2024 og 2025




Mynd E.1: Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2024 og 2025

Félagið keypti engin eigin bréf á árinu.


Munur er á gjaldþoli félagsins og eigin fé samkvæmt IFRS og koma þeir liðir fram á mynd E.4. Viðskiptavild telst með í efnahagsreikningi IFRS17 en ekki á efnahagsreikningi SII. Helsti munurinn liggur í þeim framtíðarhagnaði sem reiknað er með skv. SII og telst til gjaldþols. Tekið hefur verið tillit til þess skatts sem félagið þarf að greiða vegna þessa vænta hagnaðar. Munur er á öryggisálagi IFRS17 og áhættuálagi SII og sést munurinn einnig á myndinni.

Engar fjárhæðir gjaldþols falla undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 100/2016, um vátryggingastarfsemi né er um stuðningsgjaldþolsliði að ræða.


Stjórnir félaganna hafa sett félaginu arðgreiðslustefnu þar sem fram kemur að stefnt skuli að því að árlegar arðgreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers



Mynd E.2: Samsetning gjaldþolskröfu (í m.kr.) í lok árs 2025



Mynd E.3: Þróun gjaldþols (í m.kr.) milli ársloka 2024 og 2025



Mynd E.4: Munur á eigin fé IFRS17 og gjaldþoli félagsins í árslok 2025 (í m.kr.)

árs eftir skatta. Forsendur arðgreiðslu eru að félögin haldist fjárhagslega sterk m.a. með tilliti til gjaldþols. Þá er félaginu heimilt að kaupa eigin bréf samhliða arðgreiðslu, ef hluthafafundur metur það hagstætt. Við slíkt mat er mið tekið af markaðsaðstæðum, mati á afkomu og eiginfjárstöðu hverju sinni. Tilgangur kaupa á eigin hlutum er að lækka hlutafé samstæðunnar.

Á aðalfundi Sjóvár þann 12. mars 2026 var samþykkt að greiða út arð vegna rekstrarársins 2025 að fjárhæð 1.100 m.kr. eða sem nemur 0,95 kr. á hvern hlut.

E.2 Gjaldþolskrafa og lágmarksfjármagn eigin fjár

Gjaldþolskrafa samstæðunnar var reiknuð m.v. 31. desember 2025. Útreikningur er samkvæmt staðalreglu. Ekki var notast við einfaldanir við útreikningana, einu undantekninguna er að finna í mótaðilaáhættu en þar er notast við einföldun við útreikning á gjaldþolskröfu vegna endurtryggingaegna félagsins. Tafla E.2 sýnir niðurbrot gjaldþolskröfu og þær breytingar sem hafa orðið milli ára.


Gjaldþolskrafa SCR hækkar um 7% á milli ára. Markaðsáhættan hækkar um 13% þar sem samhverfi aðlögunarstuðullinn (e. symmetric adjustment) hækkar um 5,04%-stig á milli ára og endar í 7,90% og útskýrir að stórum hluta þessa miklu hækkun. Vátryggingaáhættan hækkar um 4% og er til komin vegna stækkunar stofns. Hækkun á rekstraráhættu helst í hendur við stækkun vátryggingastofnsins.

Félögin reikna gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagn eftir staðalreglu og hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni á árinu 2025. Ekki er stuðst við eigin stika eða eigið líkan í staðalreglu.

Lágmarksfjármagn samkvæmt staðalreglu reiknast m.a. út frá eigin bókfærðum iðgjöldum síðustu 12 mánaða og stöðu eigin tjónaskuldar og skiptist eftir vátryggingaflokkum

Stöðudagsetning	31.12.2025	31.12.2024	Breyting
Gjaldpolskrafa			
Grunngjaldpolskrafa	18.301	17.066	7%
Rekstraráhætta	1.383	1.313	5%
Leiðrétting vegna skattfrestunar	-2.756	-2.573	7%
Gjaldpolskrafa, SCR	16.928	15.806	7%
Lágmarksfjármagn (MCR)	6.927	6.766	2%
Grunngjaldpolskrafa			
Markaðsáhætta	10.767	9.552	13%
Heilsutryggingaáhætta	2.671	2.503	7%
Mótaðilaáhætta	1.518	1.544	-2%
Líftryggingaáhætta	829	804	3%
Skaðatryggingaáhætta	10.333	10.030	3%
Fjölþættingaráhrif	-7.818	-7.367	6%
Grunngjaldpolskrafa, BSCR	18.301	17.066	7%

Tafla E.2: Þróun SCR gjaldpolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2024 og 2025.



Mynd E.5: Niðurbrot lágmarksfjármagns (MCR) niður í Solvency II flokka (í m.kr.)

eins og fram kemur á mynd **E.5**.

Samstæðan hefur sett sér stefnu um nýtingu tapgleygni frestaðra skatta til lækkunar á gjaldpolskröfu. Útreikningar byggja á að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins eftir áfall að stærðargráðu samtölu grunngjaldpolskröfu og gjaldpolskröfu rekstraráhættu, áfall að stærðargráðunni 19.680 m.kr. Samstæðan setur fram 5 ára áætlun eftir áfall til að tryggja endurheimtanleika á þeirri skatteign sem myndast í kjölfar tapsins. Sú áætlun er varfærin og eru forsendur hennar ekki hagstæðari en venjubundin rekstraráætlun. Einnig tekur hún mið af þeirri óvissu sem skapast við þess konar áfall.

E.3 Notkun á „duration-based equity risk sub-model“

Á ekki við.

E.4 Mismunur á niðurstöðum staðalreglu og eigin líkans

Sjóvá og Sjóvá líf reikna gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagn eftir staðalreglu og hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagni á árinu. Ekki er stuðst við eigin stika í staðalreglu.

E.5 Krafa um lágmarksfjármagn ekki uppfyllt

Sjóvá og Sjóvá líf uppfylla lágmarksfjármagn MCR og gjaldpolskröfu SCR. Á árinu 2025 var ekki um nein frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn (MCR) eða gjaldpolskröfu (SCR).

E.6 Aðrar upplýsingar

Ekki er um að ræða aðrar upplýsingar varðandi gjaldþol en þær sem fram koma í köflum E.1-E2.